

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur þriðjudaginn 4. júlí 2017 í máli nr. S-591/2014:

Ákærvaldið

(Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari)

gegn

Hreiðari Má Sigurðssyni,

(Hörður Felix Harðarson, hrl.)

Guðnýju Örnú Sveinsdóttur,

(Sigurður G. Guðjónsson, hrl.)

Magnúsi Guðmundssyni,

(Kristín Edwald, hrl.)

Skúla Þorvaldssyni og

(Halldór Þ. Birgisson, hrl.)

Marple Holding S.A. SPF.

(Grímur Sigurðsson, hrl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 13. júní sl., er höfðað með ákæru útgefinni af embætti sérstaks saksóknara, 26. júní 2014, gegn Hreiðari Má Sigurðssyni, með lögheimili í Lúxemborg, Guðnýju Örnú Sveinsdóttur, með lögheimili í Sviss, Magnúsi Guðmundssyni, með lögheimili í Lúxemborg og Skúla Þorvaldssyni, með lögheimili í Lúxemborg, fyrir brot gegn almennum hegningarlögum og jafnframt á hendur félaginu Marple Holding S.A. SPF, með lögheimili í Lúxemborg, til upptöku.

I

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf., Borgartúni 19, Reykjavík, og Guðnýju Örnú, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf., aðallega fyrir fjárdrátt og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A., 35a, Avenue J.-F.Kennedy Luxembourg, aðallega fyrir hlutdeild í fjárdrætti, með því að ákærða Guðný Arna lét, að undirlagi ákærða Hreiðars Mús og í samráði við ákærða Magnús, millifæra 19. desember 2007, 3.016.750.000 krónur af reikningi Kaupþings banka hf., nr. 300-26-1010, inn á reikning Kaupthing Bank Luxembourg S.A., nr. 301-27-32342, hjá Kaupþingi banka hf., en að undirlagi ákærða Magnúsar var sama fjárhæð færð 28. desember 2007, með

gildisdegi 19. desember 2007, inn á reikning Marple Holding S.A. SPF nr. 400637 hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Með þessum hætti drógu ákærðu, í sameiningu Marple Holding S.A. SPF, umrædda fjármuni Kaupþings banka hf. Fjármunafærslan frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. SPF var einhliða og ekki liður í lögætum viðskiptum eða samningum milli félagsins og Kaupþings banka hf. eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.

Til vara á hendur ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnunni fyrir umboðssvik og ákærða Magnúsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum með því að þau Hreiðar Már og Guðný Arna misnotuðu aðstöðu sína, með framangreindri háttsemi, í samráði og samvinnu við ákærða Magnús, þannig að tjón hlaut af fyrir Kaupþing banka hf.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu, með því að hafa haldið ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning félagsins Marple Holding S.A. SPF og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinningi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautþrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningabætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinninginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, taka þátt í ávinningnum af auðgunarbrotum meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda við hinu ólögmeta fjártjóni Kaupþings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningabætti með því að hafa, sem eini eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbrotum, sem meðákærðu eru gefin að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf. og Guðnýju Örnú, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf., aðallega fyrir fjárdrátt og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A., aðallega fyrir hlutdeild í fjárdrætti, með því að ákærða Guðný Arna lét, að undirlagi ákærða Hreiðars Má og í samráði við ákærða Magnús, millifæra, 30. júní 2008, 3.080.250.000 krónur af reikningi Kaupþings banka hf., nr. 300-26-1010, inn á reikning Kaupþing Bank Luxembourg S.A., nr. 329-26-454080 hjá Arion verðbréfavörslu hf., dótturfélagi Kaupþings banka hf., en að undirlagi ákærða Magnúsar var sama fjárhæð færð 1. júlí 2008, með gildisdegi 2. júlí 2008, inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, nr. 400637, hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. Með þessum hætti drógu ákærðu í sameiningu Marple Holding S.A. SPF umrædda fjármuni Kaupþings banka hf., en félagið var þá í eigu ákærða Skúla. Fjármunafærslan frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. SPF var einhliða og ekki liður í lögmætum viðskiptum eða samningum milli félagsins og Kaupþings banka hf. eða Kaupthing Bank Luxembourg S.A.

Til vara á hendur ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnú fyrir umboðssvik og ákærða Magnúsi fyrir hlutdeild í umboðssvikum með því að þau Hreiðar Már og Guðný Arna, misnotuðu aðstöðu sína með framangreindri háttsemi, í samráði og samvinnu við ákærða Magnús, þannig að tjón hlaut af fyrir Kaupþing banka hf.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu, með því að hafa haldið ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning félagsins Marple Holding S.A. SPF og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinningi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautþrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningabætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinninginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega þeim fjármunum Kaupþings banka hf. sem millifærðir voru inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, taka

þátt í ávinningnum af auðgunarbrotum meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda við hinu ólögmeða fjártlóni Kaupþings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningþvætti, með því að hafa, sem eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbrotum, sem meðákærðu eru gefin að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

III

- a) Á hendur ákærðu Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf. og Guðnýju Örnú, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf. fyrir umboðssvik og á hendur ákærða Magnúsi, þáverandi framkvæmdastjóra Kaupthing Bank Luxembourg S.A. aðallega fyrir hlutdeild í umboðssvikum er ákærðu Hreiðar Már og Guðný Arna misnotuðu aðstöðu sína, með því að ákærða Guðný Arna lét, að undirlagi ákærðu Hreiðars Mús og Magnúsar, Kaupþing banka hf. kaupa, 20. maí 2008, skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. í sjö skuldabréfaflokkum og tveimur gjaldmiðlum af Marple Holding S.A. SPF, á nafnverði bréfanna að viðbættum áföllnum vöxtum, samtals 57.482.596 evrur og 45.378.883 Bandaríkjadali, sem var langt yfir markaðsverði skuldabréfanna og ollu Kaupþingi hf. með því fjártlóni. Uppgjörsgdagur viðskiptanna var 21. maí 2008.

Nánar tiltekið hafði ákærði Magnús, að undirlagi ákærða Hreiðars Mús, látið Kaupthing Bank Luxembourg S.A. kaupa þessi sömu skuldabréf á markaði með miklum afföllum í apríl og maí 2008 og síðan látið Kaupthing Bank Luxembourg S.A. selja skuldabréfin til Marple Holding S.A. SPF, á tímabilinu frá 16. apríl til 20. maí 2008, á sama verði og þau voru keypt, það er 41.719.280 evrur og 41.724.378 Bandaríkjadali.

Með þessum hætti komu ákærðu því í kring að mismunurinn á því verði sem Kaupþing banki hf. greiddi fyrir skuldabréfin og því verði sem Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafði keypt og síðan selt skuldabréfin á, að frádregnum 0,2% kostnaði, það er 15.648.351 evra og 3.563.748 Bandaríkjadali eða samtals 2.071.868.691 króna, miðað við miðgengi umræddra gjaldmiðla 20. maí 2008, varð eftir hjá Marple Holding S.A. SPF. Hvorki lágu lögmeðar viðskiptalegar forsendur að baki því að Kaupþing banki hf. keypti skuldabréfin á verði langt yfir markaðsverði né að Marple Holding

S.A. SPF væri milliliður í viðskiptunum, en þar með hagnaðist félagið með óréttmætum og ólögætum hætti á kostnað Kaupþings banka hf.

Tjón Kaupþings banka hf. nam að minnsta kosti muninum á því verði sem Kaupþing banki hf. greiddi fyrir skuldabréfin 20. maí 2008 og markaðsverði skuldabréfanna þann dag, að teknu tilliti til áfallinna vaxta, eða 12.814.019 evrum og 5.143.300 Bandaríkjadöllum, og ætluðum 0,2% kostnaði eða jafngildi 1.840.862.224 króna miðað við miðgengi umræddra gjaldmiðla 20. maí 2008.

Í töflunni hér að neðan eru upplýsingar um nafnverð, kaupverð, markaðsverð, ávinning og tjón hvað varðar einstaka skuldabréfaflokka.

Skuldabréfa- flokkar	Gjald- miðill	Dags. kaupa Marple	Nafnverð skulda- bréfanna	Kaupverð K-Lux og Marple	Kaupverð Kaupþings hf. 20. maí	Fært á reikning Marple/ söluverð að frádr. kostnaði	Mism. á kaupverði Kaupþings hf. og kaupverði Marple að frádr. kostnaði	Markaðs- verð skulda- bréfa m.v. gengi 20/5 2008 auk vaxta	Mism. á kaupverði Kaupþings hf. og markaðs- verði m.v. 20/5 2008 auk vaxta
XS0194859277	EUR	16.4.2008 -19.5.2008	29.334.000	19.535.138	30.875.819	30.814.067	11.278.929	22.103.897	8.771.922
XS0219823266	EUR	20.5.2008	7.500.000	6.629.480	7.581.037	7.565.875	936.395	6.737.422	843.615
XS0226781242	EUR	20.5.2008	13.500.000	10.778.058	13.503.795	13.476.787	2.698.729	11.278.995	2.224.800
XS0283601341	EUR	20.5.2008	5.500.000	4.776.604	5.521.945	5.510.901	734.297	4.548.264	973.682
Samtals	EUR		55.834.000	41.719.280	57.482.596	57.367.631	15.648.351	44.668.577	12.814.019
US48632GAA76	USD	20.5.2008	14.347.000	13.094.201	14.454.702	14.425.793	1.331.592	1.360.501	2.528.659
US48632GAC33	USD	20.5.2008	26.700.000	24.802.091	26.791.131	26.737.548	1.935.457	1.989.040	2.286.321
XS0206352824	USD	20.5.2008	4.104.000	3.828.086	4.133.050	4.124.784	296.698	304.964	328.320
Samtals	USD		45.131.000	41.724.378	45.378.883	45.288.125	3.563.747	3.654.505	5.143.300

Til vara á hendur ákærða Magnúsi fyrir hylmingu með því að hafa haldið ólöglega mismuninum, sem varð eftir hjá Marple Holding S.A. SPF frá Kaupþingi banka hf., og þannig aðstoðað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, við að halda ávinningi brotsins. Auk þess stuðlað að því að halda við afleiðingum brotsins með því að ráðstafa

ávinningnum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF.

Til þrautavara á hendur ákærða Magnúsi fyrir peningabætti með því að hafa aflað Marple Holding S.A. SPF og þar með eiganda þess, ákærða Skúla, ávinnings af brotinu, flutt ávinninginn, aðstoðað við afhendingu og geymslu hans.

- b) Á hendur ákærða Skúla, eina eiganda félagsins Marple Holding S.A. SPF, aðallega fyrir hylmingu með því að halda ólöglega mismuninum sem varð eftir hjá Marple Holding S.A. SPF frá Kaupþingi banka hf., taka þátt í ávinningnum af auðgunarbroti meðákærðu samkvæmt a-lið og stuðla að því að halda við hinu ólögsmæta fjártjóni Kaupþings banka hf.

Til vara á hendur ákærða Skúla fyrir peningabætti, með því að hafa, sem eigandi Marple Holding S.A. SPF, tekið við og geymt ávinning af auðgunarbroti, sem meðákærðu er gefið að sök samkvæmt a-lið, inni á bankareikningi félagsins hjá Kaupthing Bank Luxembourg S.A. þar sem ávinningnum var ráðstafað fyrir hönd félagsins.

IV

Eru brot ákærðu, Hreiðars Más og Guðnýjar Örnú, samkvæmt a-lið I. kafla og a-lið II. kafla ákæru, aðallega talin varða við 247. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 en til vara við 249. gr. sömu laga. Brot ákærða Magnúsar, samkvæmt a-lið I. kafla og a-lið II. kafla ákæru, teljast aðallega varða við 247. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., til vara við 249., sbr. 1. mgr. 22. gr., til þrautavara við 254. gr. en til þrautþrautavara við 264. gr. laga, nr. 19/1940.

Brot ákærðu, Hreiðars Más og Guðnýjar Örnú, samkvæmt a-lið III. kafla ákæru, telst varða við 249. gr. laga, nr. 19/1940. Brot ákærða Magnúsar, samkvæmt a-lið III. kafla ákæru, telst aðallega varða við 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr., til vara við 254. gr. en til þrautavara við 264. gr. laga, nr. 19/1940.

Brot ákærða Skúla, samkvæmt b-liðum I., II. og III. kafla ákæru, teljast aðallega varða við 254. gr. en til vara við 264. gr. laga, nr. 19/1940.

V

Er þess krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Með með vísan til 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. þágildandi upptökuákvæða laganna, er þess krafist að ákærða Skúla, og

eftirfarandi félagi í hans eigu verði gert að sæta upptöku á eftirfarandi innstæðum og eignasöfnum á reikningum í Banque Havilland S.A. og Credit Suisse Luxembourg S.A. sem kyrrsett/haldlögð voru í Lúxemborg að beiðni embættis sérstaks saksóknara, 3. júní 2011. Á kyrrsetningar-/haldlagningardegi var virði eignanna 44.310.395 evrur, sem samsvara 6.849.057.755 krónum á gengi evru 16. júní 2014, en virði eignanna var 46.749.907 evrur, sem samsvara 7.226.133.125 krónum þegar eignirnar voru síðast virtar, miðað við sama gengi. Upptökukrafan tekur einnig til áfallinna vaxta og verðmætaaukningar hinna kyrrsettu/haldlögðu verðmæta frá kyrrsetningar-/haldlagningardegi, til upptökudags.

Aðili	Reikningur	Eignir	Virði á haldl.d. 3.6.2011 í EUR	Síðast virt	Virði í EUR þegar síðast virt
Marple Holding S.A. SPF	400637 Havilland	Verðbréf, fjárfestingar- sjóður og innstæða á hlaupareikningi	6.763.253 EUR	3.6.2011	6.763.253 EUR
Skúli Þorvaldsson	0947-693105-2 (81636) CS	Innstæða á hlaupareikningi	228.726 EUR	7.5.2013	230.171 EUR

VI

Af hálfu Kaupþings hf. eru gerðar eftirfarandi kröfur um skaðabætur:

- 1) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 3.016.750.000 króna með vöxtum, skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 19. desember 2007 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar, en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.
- 2) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 3.080.250.000 króna með vöxtum, skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 30. júní 2008 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags.
- 3) Að Guðný Arna Sveinsdóttir, Hreiðar Már Sigurðsson, Magnús Guðmundsson og Skúli Þorvaldsson verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 15.648.350,78 evrur og 3.563.747,55 Bandaríkjadali ásamt vöxtum,

skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 21. maí 2008 til þess dags er mánuður er liðinn frá þingfestingardegi sakar en með dráttarvöxtum, skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags

Til vara í öllum tilvikum er krafist greiðslu skaðabóta að álitum.

Til þrautavara í öllum tilvikum er krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu.

Loks er þess krafist að öllum fjórum ákærðu verði gert að greiða Kaupþingi hf. málskostnað að skaðlausu að teknu tilliti til áhrifa virðisaukaskatts.

Gerð verður grein fyrir kröfum ákærðu í niðurstöðukafla dómsins.

Eins og að framan greinir var ákæra í máli þessu gefin út 26. júní 2014. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 9. september sama ár og dómur kveðinn upp 9. október 2015. Með dómi Hæstaréttar 23. febrúar 2017 í málinu nr. 809/2015 var dómurinn ómerktur ásamt meðferð málsins frá upphafi aðalmeðferðar og því vísað heim í hérað til úrlausnar á ný af þeirri ástæðu að sérfróður meðdómandi hefði verið vanhæfur til meðferðar málsins. Málið var síðan dómtekið að nýju 13. júní sl. eftir endurtekna aðalmeðferð málsins.

I

a. Inngangur

Fram hefur komið undir rannsókn og meðförum þessa máls hjá fyrrverandi stjórnendum Kaupþings banka hf. að stjórnendum bankans hafi að ráðum alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækja verið bent á mikilvægi þess að skera á svonefnt krosseignarhald tengt bankanum. Kaupþing banki hf. hafi átt hlutabréf í Exista hf. á sama tíma og Exista hf. hafi átt umtalsverðan eignarhlut í bankanum. Þáttur í slitum á þessu krosseignarhaldi hafi verið fölginn í því að Exista hf. yfirtæki hlutabréf í VÍS hf., sem aftur hafi átt stóran hluta í Kaupþingi banka hf. Í þeirri stöðu hafi komið fram krafa af hálfu eins stærsta hluthafa í VÍS hf., Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf., að félaginu yrði tryggð sala á hlutabréfum í Exista hf. Í þeim tilgangi hafi verið búnir til kaupréttar- og söluréttarsamningar á milli eignarhaldsfélagsins og Bakkabræðra Holding. Kaupþing banki hf. hafi ábyrgst þessa samninga, en sú ábyrgð hafi verið ein forsenda þess að eignatilfærslur yrðu með þessum hætti. Hafi Kaupþing banki hf. haft umsjón með þessum eignatilfærslum. Hafa ákærðu Hreiðar Már og Magnús lýst því að leitað hafi verið til ákærða Skúla Þorvaldssonar, sem hafi verið umsvifamikill fjárfestir með aðsetur í Lúxemborg og í viðskiptum við Kaupthing Luxembourg S.A., um að hann tæki yfir þessa kaupréttar- og söluréttarsamninga í skjóli félagsins Marple Holding S.A. SPF. Væru þeir áfram með ábyrgð Kaupþings banka hf. Þessi viðskipti hafi gengið eftir og séu grunnurinn í þeim fjármunatilfærslum sem átt hafi sér stað á árunum

2007 og 2008 í tengslum við félagið Marple Holding S.A. SPF. Að baki hafi búið viðskiptaleg sjónarmið til hagsbóta fyrir Kaupþing banka hf., andstætt því er ákærvald haldi fram.

Búnaðarbanki Íslands var stofnaður með sérstökum lögum um hann, sem voru nr. 115/1941, og var hann í eigu íslenska ríkisins. Með lögum nr. 50/1997, um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, varð sú breyting að Búnaðarbanki Íslands hf. tók til starfa 1. janúar 1998, en um sinn var hann þó áfram eign ríkisins. Þeim lögum var svo breytt, með 1. gr. laga nr. 70/2001, á þann hátt að ríkinu var heimilað að selja þann hlut, sem það átti þá enn í Búnaðarbanka Íslands hf., og var þeirrar heimildar endanlega neytt 16. janúar 2003. Síðar á því ári var félagið sameinað Kaupþingi hf. og fékk sameinaða félagið seinna heitið Kaupþing banki hf. Frá árinu 1998 mun Kaupþing hf. hafa átt dótturfélagið Kaupthing Bank Luxembourg S.A., sem hafði á hendi starfsemi í því landi og varð dótturfélag Kaupþings banka hf. eftir fyrrgreinda sameiningu. Þá mun Kaupþing banki hf. jafnframt hafa, á árinu 2005, keypt enskan banka og á grunni hans sett á fót dótturfélag þar í landi með heitinu Kaupthing Singer & Friedlander Ltd. Á þessum árum jókst starfsemi Kaupþings banka hf. mjög, hér á landi og erlendis, og á árinu 2008 mun hafa verið svo komið að félagið átti ýmist dótturfélög eða rak orðið útibú í 15 löndum. Á þeim tíma var ákærði Hreiðar Már Sigurðsson forstjóri Kaupþings banka hf. Mun ákærði Magnús Guðmundsson hafa stýrt dótturfélaginu Kaupthing Bank Luxembourg S.A. allt frá stofnun og ákærði Hreiðar átt sæti í stjórn þess ásamt ákærða Magnúsi og tveimur öðrum mönnum.

Fjármálaeftirlitið neytti 9. október 2008 heimildar, samkvæmt 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, til að taka yfir vald hluthafafundar í Kaupþingi banka hf., víkja stjórn hans frá og setja yfir hann skilanevnd, en slit á félaginu, sem nú ber heitið Kaupþing hf., hófust 22. apríl 2009 og standa þau enn yfir. Í framhaldi af þessari aðgerð Fjármálaeftirlitsins mun Kaupthing Bank Luxembourg S.A. hafa fengið heimild til greiðslustöðvunar og Banque Havilland S.A. á síðari stigum tekið yfir starfsemi bankans.

b. Upphaf rannsóknar málsins

Upphaf rannsóknar þess sakamáls sem hér er til úrlausnar má rekja til þess að með bréfi 22. mars 2010 vísaði Fjármálaeftirlitið til embættis sérstaks saksóknara rannsókn Fjármálaeftirlitsins á viðskiptum Kaupþings banka hf. við Marple Holding S.A. og Lindsor Holding Corporation vegna hugsanlegra brota á almennum hegningarlögum. Að því er félagið Marple Holding S.A. varðar var í kærinni vísað til óvenjulegra fjármagnsflutninga til félagsins frá Kaupþingi banka hf. Í kærinni kemur m.a. fram að meginhluti þeirra atriða er snúi að viðskiptum

Kaupþings banka hf. í tengslum við Marple Holding S.A. hafi átt sér stað í Lúxemborg og varði Kaupthing Luxembourg S.A. Rakið er að félagið Marple Holding S.A. hafi verið stofnað 30. júní 2006 og það skráð í Lúxemborg. Félagið hafi verið tekið yfir af ákærða Skúla, þann 20. júní 2007. Ákærði hafi verið skráður eigandi félagsins eða „beneficial owner“ og einnig verið stór hluthafi í Kaupþingi banka hf. ásamt því að vera viðskiptavinur bankans til langs tíma.

Í bréfi Fjármálaeftirlitsins kemur fram að Kaupþing banki hf. hafi, 31. janúar 2008, gefið út ábyrgð sem falið hafi í sér að bankinn ábyrgðist allar skuldir félagsins Marple Holding S.A., allt að 50 milljónir evra, við Kaupthing Luxembourg S.A. Kaupþing banki hf. hafi hækkað fjárhæð ábyrgðarinnar upp í 140 milljónir evra 31. júlí 2008. Undir ábyrgðarskjalið hafi ritað ákærði Hreiðar Már og forstöðumaður fyrirtækjasviðs Kaupþings banka hf. Ýmis álitafni hafi vaknað upp varðandi ábyrgðina. Fram kemur að svo virtist sem Kaupthing Luxembourg S.A. gæti veitt félaginu Marple Holding S.A. lán í hvaða tilgangi sem væri og gegn hvaða veði sem væri og í kjölfarið krafið Kaupþing banka hf. um greiðslu á þeim skuldum sem þetta félag gæti ekki greitt á því tímabili sem ábyrgðin tæki til. Jafnframt væri hvergi skilgreint skilyrði þess að Kaupþing banki hf. gæti endurheimt greiðslur sem bankinn hefði greitt vegna ábyrgðarinnar ef ekki væri lengur þörf á henni. Kaupþing banki hf. hafi 3. október 2008 greitt til Kaupthing Luxembourg S.A., vegna Marple Holding S.A., 10 milljarða króna vegna ábyrgðarinnar en þann næsta viðskiptadag, eða 6. október 2008, hafi Marple Holding S.A. selt megnið af þeim skuldabréfum sem veðsett hefðu verið vegna ábyrgðarinnar. Þá hafi Marple Holding S.A., 8. október 2008, tekið 10,4 milljónir punda út af reikningi sínum í reiðufé. Kaupþing banki hf. hafi ekki fengið framangreinda fjármuni endurgreidda.

Í kjölfar rannsóknar á félaginu Marple Holding S.A. skoðaði embætti sérstaks saksóknara færslu fjármuna frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. í desember 2007, júní 2008 og október 2008, sem og skuldabréfaviðskipti bankans og Marple Holding S.A. í maí og júní 2008. Við lok rannsóknarinnar ákvað embættið að skipta rannsókn málsins upp og rannsaka fjármagnsflutninga frá Kaupþingi banka hf. til Marple Holding S.A. 19. desember 2007, sem varða I. kafla ákæru, 30. júní 2008, sem varða II. kafla ákæru og skuldabréfaviðskipti Marple Holding S.A. og Kaupþings banka hf. 20. maí 2008, sem varða III. kafla ákæru.

Við rannsókn málsins voru vitni yfirheyrð á Íslandi og í Lúxemborg á tímabilinu 24. janúar 2010 til janúar 2014. Þá voru teknar skýrslur af ákærðu vegna málsins á tímabilinu 8. febrúar 2010 til 31. október 2013. Þannig voru skýrslur teknar hjá lögreglu af ákærða Hreiðari Má, 6. maí 2010 og 29. júní 2011. Skýrslur voru teknar af ákærðu Guðnýju Örnunni, 8. apríl 2010 og 29. júní 2011. Skýrslur voru

teknar af ákærða Magnúsi, 6. maí 2010, 8. maí 2010, 28. maí 2010 og 29. júní 2010. Loks voru teknar skýrslur af ákærða Skúla, fyrst með réttarstöðu vitnis, 27. maí 2010, en síðan með réttarstöðu sakbornings, 29. júní 2011, 7. júní 2013, 10. júní 2013, 12. júlí 2013 og loks 31. október 2013.

Í þágu rannsóknar málsins lagði embætti sérstaks saksóknara fram réttarbeiðnir gagnvart yfirvöldum í Lúxemborg. Á grundvelli þeirra fóru fram húsleitir í Lúxemborg á tímabilinu 9. til 12. febrúar 2010 og 29. mars til 1. apríl 2011. Þá aflaði embætti sérstaks saksóknara dómsúrskurða til heimilda til símhlustana hjá ákærðu og voru símar ákærðu, utan ákærða Skúla, hlustaðir á tilteknum tímabilum á árinu 2010. Þá aflaði embættið heimilda til kyrrsetningar á eignum ákærða Skúla og félaganna BM Trust S.A. SPF, Holt Holding S.A., SKLux S.A. og Legatum Ltd. í bönkunum Credit Suisse, Havilland og Carnegie, sem allir eru með aðsetur í Lúxemborg. Að ósk ákærða Skúla voru honum og ofangreindum félögum veittar heimildir til viðskipta með eignasöfn í bönkunum ytra til verndar og viðhalds eignasafnanna. Heimild til þess var fyrst veitt 21. mars 2012, en sú heimild var útvíkkuð 28. júní 2012.

Við aðalmeðferð málsins gáfu ákærðu skýrslu fyrir dómnum. Þá komu fyrir dóminn fyrrum viðskiptastjóri hjá Kaupthing Luxembourg S.A., fyrrum yfirlögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg SA., fyrrum starfsmaður Kaupthing Luxembourg S.A., fyrrum yfirmaður lánadeildar hjá Kaupthing Luxembourg SA., fyrrum lögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg S.A., fyrrum innri endurskoðandi Kaupþings banka hf., fyrrum framkvæmdastjóri fjármálasviðs Kaupþings banka hf., fyrrum framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings banka hf., fyrrum forstöðumaður eigin viðskipta Kaupþings banka hf., fyrrum forstöðumaður fjárstýringar Kaupþings banka hf., fyrrum forstöðumaður afleiðudeildar Kaupþings banka hf., fyrrum forstöðumaður fyrirtækjasviðs Kaupþings banka hf., fyrrum framkvæmdastjóri áhættustýringar hjá Kaupþingi banka hf., hæstaréttarlögmaður er annaðist hagsmunagæslu í tengslum við nýtingu kaup- og söluréttar að hlutabréfum í Exista hf. og fyrirsvarsmaður Bakkabræðra Holding. Þá komu fyrir dóminn fyrrum starfsmenn Kaupþings banka hf. af fjármálasviði, bakvinnsludeild fjárstýringar, kostnaðarbókhalds og fyrrum starfsmaður Arion verðbréfavörslu. Eins komu fyrir dóminn fyrrum starfsmenn slitastjórnar Kaupþings hf. Loks komu fyrir dóminn fyrrum lögreglumaður hjá embætti sérstaks saksóknara og loks tveir fyrrum lögreglumenn hjá embættinu en þeir unnu að rannsókn málsins.

Rannsóknargögn lögreglu telja alls 4436 blaðsíður. Ekki er ástæða til að gera hér í dómi skil nema á hluta af þessum rannsóknargögnum. Ákærðu og vitni gáfu skýrslur hjá lögreglu eins og áður greinir. Skýrslur ákærðu og vitna þar verða ekki raktar í dómnum. Hins vegar verður gerð grein framburðum ákærðu og vitna hér

fyrir dóminum, að því marki sem máli skiptir fyrir niðurstöðu málsins.

II

a. Viðskipti með hlutabréf í Exista hf.

Í upphafi verður gerð grein fyrir þeim helstu skjallegu gögnum er lögregla aflaði við rannsókn málsins og tengist fjármunayfirfærslum samkvæmt ákæru.

Á meðal gagna málsins eru tvær óundirritaðar og ódagsettar ábyrgðir í nafni Kaupþings banka hf. Samkvæmt ábyrgðunum hefur félagið Bakkabræður Holding gengið inn í söluréttarsamning gagnvart Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf. um kaup á hlutabréfum í Exista hf., samkvæmt annarri ábyrgðinni að nafnverði ríflega 414 milljónir króna en hinni ríflega 207 milljónir króna. Í ábyrgðunum er kveðið á um að Kaupþing banki hf. ábyrgist greiðslu á kaupverði hlutabréfanna til eignarhaldsfélagsins innan 30 daga, fari svo að félagið Bakkabræður Holding geti ekki greitt kaupverðið.

Samkvæmt gögnum málsins sendi yfirlögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg S.A., tölvupóst til starfsmanns á lögmannsstofu í Reykjavík, 28. júní 2007, þess efnis að Marple Holding S.A. ætli að virkja svonefndan kauprétt. Tekið er fram að í skjalinu sé að finna samning sem undirritaður hafi verið af Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf. Fram kemur að sá samningur hafi verið yfirtekinn af Marple Holding S.A., samkvæmt kaupréttarsamningnum í stað óstofnaða félags, sem tilgreint sé mótaðili. Samningur þessi liggur fyrir í gögnum málsins en samkvæmt honum gera Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. og óstofnað félag með sér kaupréttarsamning um hlutabréf í Exista hf. að nafnverði ríflega 207 milljónir króna. Samningur þessi er undirritaður fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. Honum fylgdi fundargerð stjórnarfundar í félaginu Marple Holding S.A., sem haldinn var 25. júní 2007, sem samkvæmt fundargerðinni samþykkti að nýta sér kauprétt að hlutabréfum í Exista hf. þar sem seljandi væri Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. Bréf undirritað af fulltrúum stjórnendafélaga í stjórn Marple Holding S.A. er sent Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf. 12. júlí 2007 og í því er staðfest að félagið ætli að nýta kauprétt á hlutabréfum í Exista hf.

Samkvæmt gögnum málsins sendi yfirlögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst, 20. júlí 2007, til viðskiptastjóra í Kaupthing Luxembourg S.A., með þeim skilaboðum að ekki séu lausir 5,5 milljarðar króna í bankanum til að greiða fyrir hlutabréfin í Exista hf. Síðar sama dag svarar viðskiptastjórinn yfirlögfræðingnum á þann veg að það verði að láta félagið taka lán hjá móðurfélaginu. Yfirlögfræðingurinn sendi viðskiptastjóranum póst þennan sama dag um að „Gabi“ hafi bjargað þessu. Sama dag sendi yfirlögfræðingurinn tölvupóst á lögmann hjá lögmannsstofunni Fulltingi um að greiðsla til

Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. hefði verið innt af hendi. Starfsmaður hjá Kaupthing Luxembourg S.A. sendi starfsmanni Arion verðbréfavörslu, einnig þennan dag, tölvupóst um að yfirlögfræðingurinn hefði gert grein fyrir því að starfsmaður Arion verðbréfavörslu myndi láta vita þegar búið væri að færa hlutabréf í Exista hf., að nafnverði ríflega 207 milljónir króna, yfir til „okkar“. Síðar sama dag sendi yfirlögfræðingurinn tölvupóst á netfang hjá Exista hf. með þeim skilaboðum að hann sé búinn að móttaka hlutabréfin og greiða fyrir þau. Viðskiptunum sé þar með lokið.

Samkvæmt gögnum málsins sendi starfsmaður Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst 29. október 2007 til yfirlögfræðingsins og ákærða Magnúsar, með staðfestingu á að Marple Holding S.A. hefði kauprétt að hlutabréfum í Exista hf. til 27. nóvember 2007. Samkvæmt gögnum málsins sendi yfirlögfræðingurinn tölvupóst á ákærða Magnús, 30. nóvember 2007, með skilaboðum um að yfirlögfræðingurinn hefði rætt við lögmann á lögmannsstofunni Fulltingi, um að það væri ekkert mál af hans hálfu að „putta“ á Marple Holding S.A. Yfirlögfræðingurinn sendi sama lögmanni tölvupóst 5. desember 2007 um að Kaupthing Luxembourg S.A. muni ábyrgjast greiðslu á söluréttarverði söluréttarsamnings á milli Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. og Marple Holding S.A. Í sama tölvupósti kemur fram að 1. desember 2007 sendi lögmaður á lögmannsstofunni Fulltingi yfirlögfræðingnum tölvupóst þar sem lögmaðurinn, fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf., sendir tilkynningu vegna kaup- og söluréttar á hlutum í Exista hf. Lögmaðurinn óskar eftir staðfestingu yfirlögfræðingsins, fyrir hönd Marple Holding S.A., á því að tilkynning hafi borist um neytingu söluréttar og að Bakkabræður Holding B.V. staðfesti ábyrgð sína á greiðslu söluréttarverðsins sem losi rúma 28 í gengi með hvern hlut í Exista hf. Að öðrum kosti skoðist tilkynningin send til Bakkabræðra Holding B.V og að greitt verði í samræmi við sölurétt í síðasta lagi föstudaginn 21. desember 2007. Lögmaðurinn sendi í framhaldi tölvubréf til yfirlögfræðingsins um skannað afrit tilkynningar, frá 1. desember 2007, um beitingu söluréttar. Fram kemur að lögmaðurinn hafi jafnframt móttekið tilkynningu yfirlögfræðingsins um að Kaupthing Luxembourg S.A. ábyrgist greiðslu söluréttarverðsins til Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. fyrir hönd Marple Holding S.A. Miðvikudaginn 19. desember 2007 sendi yfirlögfræðingurinn tölvupóst til ákærða Magnúsar varðandi „frágang á Marple málinu“. Fram kemur að bankinn fái hlutabréfin í Exista hf. í hús seinnipartinn þann 20. desember 2007. Snemma dags þann 21. desember 2007 geti „við“ móttekið bréfin inn í safn Marple Holding S.A. og flutt íslenskar krónur inn á tilgreindan bankareikning Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. Yfirlögfræðingurinn sendi ákærða Hreiðari Má tölvupóst,

miðvikudaginn 19. desember 2007, þar sem fram kemur að yfirlögfræðingurinn sé búinn að tryggja 2/3 af 5,9 milljörðum vegna söluréttarsamnings Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. Föstudaginn 21. desember 2007 sendi viðskiptastjórinn tölvupóst til samstarfsmanna innan bankans um að millifæra skuli tæplega 6 milljarða króna inn á reikning Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. út af reikningi Marple Holding S.A. í bankanum.

b. Skjöl varðandi stofnun félagsins Marple Holding S.A.

Fimmtudaginn 21. júní 2007 var ákærða Skúla sendur tölvupóstur frá starfsmanni Kaupthing Luxembourg S.A. með þeirri yfirskrift að um væri að ræða skjöl sem þyrfti að undirrita. Gerð er grein fyrir því að um sé að ræða viðskipti tengd Exista hf., sem ákærði Magnús hafi rætt við ákærða Skúla fyrr sama dag. Afrit af þessum tölvupósti er sent til yfirlögfræðings Kaupthing Luxembourg S.A. Með tölvupóstinum voru send skjöl varðandi félagið Marple Holding S.A. Um er að ræða kaupsamning um stofnun félagsins, á milli Kaupthing Luxembourg S.A. og ákærða Skúla. Fram kemur að ákærði, sem stofnandi, reiði fram 31.000 evrur í hlutafé. Kaupsamningsþóknun er 35.000 evrur. Þá fylgdi téðum tölvupósti samkomulag um hýsingu milli Marple Holding S.A. og Kaupthing Luxembourg S.A um að félagið hafi heimilisfesti á aðsetri bankans í Lúxemborg. Fram kemur að ákærði Skúli komi fram fyrir hönd félagsins. Í samningnum er kveðið á um ýmiss konar þjónustu er bankinn veiti félaginu, skyldur bankans gagnvart félaginu og skyldur félagsins gagnvart bankanum. Einnig fylgdi skjölunum umboð, þar sem ákærði Skúli, sem skráður hluthafi í félaginu Marple Holding S.A., veitir nafngreindum lögmanni í Lúxemborg umboð til að koma fram fyrir hönd félagsins á sérstökum aðalfundi félagsins 22. júní 2007, frammi fyrir „notary“ í Lúxemborg. Að lokum fylgdi tölvupóstinum afrit fundargerðar stjórnar í Marple Holding S.A., sem haldinn var 25. júní 2007, þar sem fulltrúar þriggja stjórnarfélaga í félaginu eru mættir. Fundarefni er meðal annars að samþykkja það að ganga inn í söluréttarsamning um hlutabréf í Exista hf., sem undirritaður var 30. maí 2006, af hálfu félags sem síðar yrði stofnað. Síðar sama dag sendir sami starfsmaður ákærða Skúla annan tölvupóst og biður um að skjölin verði send undirrituð á faksi þennan sama dag eða þann næsta. Með þeim tölvupósti fylgdi skjal þar sem ákærða Skúla var ætlað að rita undir yfirlýsingu þess efnis að hann væri „beneficial owner“ að þeim fjármunum sem greiða ætti inn í félagið Marple Holding S.A. Lagt var hald á framangreind skjöl við húsleit í Kaupthing Luxembourg S.A og voru þau þá undirrituð af ákærða Skúla.

Við framangreinda húsleit var meðal annars lagt hald á ódagsetta fundargerð stjórnarfundar í Marple Holding S.A. Samkvæmt fundargerðinni samþykkti stjórn

félagsins að óska eftir lánalínu frá Kaupthing Luxembourg S.A að hámarki 100 milljónir evra. Undir fundargerðina rita fulltrúar stjórnunarfélaga í stjórn Marple Holding S.A., ásamt ákærða Skúla. Eins var lagt hald á ábyrgð nr. 0358-9757, þar sem Kaupþing banki hf. ábyrgist, gagnvart Kaupthing Luxembourg S.A., endurgreiðslu á láni sem Kaupthing Luxembourg S.A. hefur veitt félaginu Marple Holding S.A. Nemur ábyrgðin að hámarki 50 milljónir evra. Undir ábyrgðina ritar ákærði Hreiðar Már fyrir hönd Kaupþings banka hf., 31. janúar 2008.

Þann 4. febrúar 2008 er gengið frá lánalínu af hálfu Kaupthing Luxembourg S.A., gagnvart félaginu Marple Holding S.A., að hámarki 100 milljónir evra. Ritað er undir lánalínuna bæði af hálfu bankans og Marple Holding S.A. Þá liggur fyrir í gögnum málsins ábyrgð nr. 0665-6757 frá Kaupþingi banka hf. frá 31. júlí 2008, gagnvart Kaupthing Luxembourg S.A., þar sem bankinn ábyrgist greiðslu á láni Marple Holding S.A. hjá Kaupthing Luxembourg S.A. að hámarksfjárhæð 140 milljónir evra. Ákærði Hreiðar Már ritar undir ábyrgðina fyrir hönd Kaupþings banka hf. Með bréfi lögmannsstofunnar Kleyr Grasso Assoies í Lúxemborg 16. nóvember 2010, var Kaupþingi hf. gerð grein fyrir því að félagið Marple Holding S.A. hefði ekki brugðist við greiðslutilmælum Kaupthing Luxembourg S.A. vegna útistandandi lánveitinga til félagsins. Fram kemur að ef ekki kæmi til greiðslu yrði ábyrgð Kaupþings hf., samkvæmt ábyrgðum nr. 0358-9757 og nr. 0665-9757, virkjuð. Bréfi þessu svaraði lögmannsstofan O&A Advocates í Lúxemborg 26. nóvember 2011, þar sem fram kemur að lögmannsstofan gæti hagsmuna ákærða Skúla. Í bréfinu kemur meðal annars fram að ákærði sé endanlegur eigandi, eða „beneficial owner“, að félaginu.

Á meðal gagna málsins er að finna tvennskonar útdrátt úr hluthafaskrá Marple Holding S.A. sem tekur mið af föstudeginum 20. júní 2007. Í öðrum útdrættinum er ákærði Skúli skráður sem eini hluthafi félagsins. Í hinum útdrættinum er Kaupthing Luxembourg S.A. skráð sem eini hluthafi félagsins. Í báðum tilvikum er ritað undir hluthafaskrána af fulltrúum stjórnenda félaga í stjórn Marple Holding S.A.

Föstudaginn 4. júlí 2008 sendi viðskiptastjóri í Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst til ákærða Magnúsar og ber hann yfirskriftina „marple“. Viðskiptastjórinn kveður starfsfólk í lánadeild Kaupthing Luxembourg S.A. vera að „elta“ viðskiptastjórnann í tengslum við það að fá ákærða Skúla til að skrifa undir tryggingar varðandi Marple Holding S.A., í öðrum eignum hans. Spyr viðskiptastjórinn ákærða Magnús hvort hann sé sáttur við að viðskiptastjórinn biðji ákærða Skúla um þetta.

Á meðal gagna málsins er skjal er varðar stofnun reiknings nr. 400637 fyrir Marple Holding S.A. í Kaupthing Luxembourg S.A. Stofnskjölin eru undirrituð 2.

ágúst 2007. Í skilmálum með reikningnum, í ákvæði 8,1 og 8,2, er kveðið á um tryggingar og veðsetningu reikningsins fyrir öllum kröfum bankans á hendur viðskiptavininum. Bankanum eru settar að veði allar eignir viðskiptavinarins í bankanum. Reikningsyfirlit varðandi reikning nr. 400637 eru á meðal gagna málsins. Þar koma fram millifærslur út af reikningi Kaupthing Luxembourg S.A. inn á reikning Marple Holding S.A. samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru.

c. Lánsúmsóknir ákærða Skúla í Kaupthing Luxembourg S.A.

Þann 1. ágúst 2007 sendi starfsmaður í Kaupthing Luxembourg S.A. samstarfsmanni sínum tölvupóst í tengslum við lánsúmsókn ákærða Skúla sem viðskiptastjóri tók saman 12. júlí 2007 og beint er til lánanefndar bankans. Í úmsókninni, sem dagsett er 12. júlí 2007, kemur fram að ákærði Skúli sé um þessar mundir að endurskipuleggja félög sín, með því að færa eignir og skuldir á milli félaga. Tekið er fram að heildarlánamörk bankans vegna félaga ákærða nemi samtals 193 milljónum evra. Sótt sé um hækkun að fjárhæð 58 milljónir evra þannig að lánamörk fyrir félögin í heild nemi liðlega 251 milljónum evra. Fram kemur að allar skuldir félaganna séu í úmsókninni miðað við núverandi stöðu þeirra. Félög í eigu ákærða eru sögð vera Holt Holding S.A., Vanquish Finance Ltd., Murry Holding S.A., Holt Investment group, IMIS ehf., LMB Invest. Ltd., Morecra Ltd. og Marple Holding S.A. Að því er félagið Marple Holding S.A. varðar eru tryggingar sagðar vera hlutabréf í Exista hf. Hvað upplýsingagjöf varðar er tekið fram að bankinn hafi verið upplýstur um að ákærði hafi fengið aðra kaupréttarsamninga um kaup á hlutabréfum í Exista hf. sem hægt yrði að nýta í september 2007.

Meðal gagna málsins er önnur lánsúmsókn, sem haldlögð var við húsleit í Kaupthing Luxembourg S.A., sem beint er til lánanefndar bankans. Lánsúmsóknin er dagsett 22. ágúst 2007 og varðar ákærða Skúla og sömu félög og áður. Hún er efnislega á sama veg fyrir utan það að sótt er um aukin lánamörk sem nemi 180 milljónum evra þannig að mörkin verði eftir það liðlega 373 milljónir evra. Þá er úmsóknin ítarlegri varðandi áhættumat á einstök félög. Þessu til viðbótar var við húsleit haldlögð úmsókn um lánalínu. Í þessari lánsúmsókn er farið fram á að lánalínan taki einnig til félagsins SKLux S.A. SPF, til viðbótar við áður nefnd félög í eigu ákærða. Félagið SKLux S.A. SPF er sagt áður hafa borið nafnið Vanquish Finance Ltd. Á meðal gagna málsins er ein önnur úmsókn, frá 25. júlí 2008, vegna ákærða Skúla um lánalínu. Farið er fram á að heildarlánamörk félaga á vegum ákærða nemi alls 531.700.000 evra. Á meðal félaga í eigu ákærða er félagið Marple Holding S.A. og kemur fram að verið sé að sækja um 40 milljóna evra aukningu á lánalínu félagsins. Í yfirliti með lánsúmsókninni kemur meðal annars fram að

Marple Holding S.A. hafi sem tryggingu hlutabréf í Kaupþingi banka hf., hlutabréf í Exista hf. og í indverskum sjóði.

Miðvikudaginn 27. desember 2007 sendi starfsmaður í Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst á viðskiptastjóra Kaupthing Luxembourg S.A. varðandi málefni ákærða Skúla. Með tölvupóstinum fylgdi yfirlit um eignir og skuldir félaga í eigu ákærða, en um var að ræða félögin Vanquish Finance, Holt Holding, Murry Holding, Holt Investments, IMIS ehf., LMB Invest, Moracra Ltd., Marple Holding S.A., Holly Beach S.A., SKlux S.A. SPF. Í tengslum félagið Marple Holding S.A. er gerð grein fyrir eignum og skuldum. Að því er tillögur varðandi félagið varðar er tekið fram að staðan sé þröng og lagt til að „take pledge on Murry“ eða að ábyrgð verði fengin frá því félagi. Í tölvupóstinum sjálfum tekur starfsmaðurinn fram að staðan sé ekki góð hjá félögunum Marple Holding S.A. og Hollybeach S.A. Að endingu getur hann þess að hann vilji fá tryggingar frá Murry Holding varðandi Marple Holding S.A.

Á meðal rannsóknargagna málsins er tölvupóstur, sem starfsmaður fyrirtækjasviðs Kaupþings banka hf. sendi á forstöðumann fyrirtækjasviðs bankans, 15. febrúar 2008, með yfirskriftinni að um væri að ræða lánabeiðni frá Holt Investment sem fara ætti fyrir næsta lánafund stjórnar. Forstöðumaðurinn svarar starfsmanninum 22. sama mánaðar með fyrirmælum um að uppfæra beiðnina miðað við dagsetningar og fjárhæðir og senda til baka. Þá tekur forstöðumaðurinn fram að ágætt væri ef starfsmaðurinn gæti tekið út Marple Holding S.A., sem forstöðumanninum skiljist að tilheyri ekki ákærða Skúla. Þann 25. febrúar 2008 svarar starfsmaðurinn forstöðumanninum og gerir meðal annars grein fyrir því að hann hafi tekið út félagið Marple Holding S.A.

III

a. Fjármunayfirlærslur skv. I. kafla ákæru

Meðal gagna málsins er fylgiskjal úr bókhaldi Kaupþings banka hf. Efst á skjalinu kemur fram að um sé að ræða peningagreiðslu, 19. desember 2007, til Kaupthing Luxembourg S.A. vegna viðskiptavinar. Um sé að ræða „Option“ samning sem gerður hafi verið við viðskiptavin Kaupthing Luxembourg S.A. 22. október 2007 um valrétt um að selja bankanum hlutabréf í Kaupþingi banka hf. Fram kemur að fjöldi bréfa sé 11.181.430. Þóknun til bankans sé 5% eða 158.776.306 krónur og greiddar séu til Kaupthing Luxembourg S.A. 3.016.750.000 krónur. Lögregla hefur rannsakað uppruna þessa skjals. Samkvæmt skráningarsögu skjalsins var skjal þetta stofnað 12. janúar 2008, kl. 14.49, í tölvu ákærðu Guðnýjar Örnú. Var það síðast prentað kl. 15.16 þann dag og síðast vistað þennan dag kl. 15.19.

Samkvæmt gögnum málsins sendi ákærða Guðný Arna tölvupóst klukkan 17.04, miðvikudaginn 19. desember 2007, til starfsmanns í bakvinnslu Kaupþings banka hf. með beiðni um millifærslu á 3.016.750.000 krónum inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. Á sama tíma, eða kl. 17.15 sendir ákærða Guðný Arna ákærða Magnúsi tölvupóst og tjáir honum að sig vanti reikningsnúmer um það hvert hún eigi að greiða. Ákærði Magnús svarar ákærðu kl. 17.15 og spyr hvort tilgreindur starfsmaður í bankanum hafi ekki sent henni upplýsingarnar. Kl. 17.17 sendir ákærða Guðný póst á ný á ákærða Magnús og segir honum að hún hafi heyrt í yfirlögfræðingi Kaupthing Luxembourg S.A. sem upplýst hafi hana um reikningsnúmerið. Greiðslan sé farin af stað. Starfsmaðurinn í Kaupþingi banka hf. svarar ákærðu Guðnýju Örne, kl. 17.47 sama dag, og spyr hvaðan taka eigi fjárhæðina. Í beinu framhaldi, eða kl. 17.53, svarar ákærða starfsmanninum og gefur fyrirmæli um að taka eigi fjárhæðina út af „1010“.

Fimmtudaginn 20. desember 2007 sendi viðskiptastjóri tölvupóst til starfsmanns Kaupthing Luxembourg S.A. og biður hann um að vera á varðbergi gagnvart um 3ja milljarða króna inngreiðslu, sem verið sé að bíða eftir. Skilaboð þessi endurtekur viðskiptastjórinn föstudaginn 21. desember 2007, kl. 09.03., og upplýsir að greiðslan sé frá Kaupþingi banka hf. vegna reiknings Marple Holding S.A. Föstudaginn 28. desember 2007, kl. 09.13, sendir starfsmaður í Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst til viðskiptastjórans og tjáir honum að greiðslan, 3.016.750.000 krónur, hafi komið inn þann 19. desember 2007 í fjórum fræslum, þ.e. þremur sem hver um sig hafi verið að fjárhæð 990.000.000 krónur og einni að fjárhæð 46.750.000 krónur. Viðskiptastjórinn svarar sama dag og fær yfirlögfræðingur Kaupthing Luxembourg S.A. þann póst einnig. Segir viðskiptastjórinn að um sé að ræða fjármuni sem beðið hafi verið eftir varðandi Marple Holding S.A. Fjárhæðin tengist lokun framvirks samnings sem hafi verið framkvæmdur í Kaupþingi banka hf.

Föstudaginn 21. desember 2007, kl. 11.47, sendi yfirlögfræðingur Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst á starfsmenn í Kaupthing Luxembourg S.A. og biður um millifærslu á tæplega 6 milljörðum króna inn á reikning Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. Fjárhæðina eigi að færa út af reikningi Marple Holding S.A. í bankanum. Lýsir yfirlögfræðingurinn því að bankinn fái 2/3 hluta fjárhæðarinnar til baka sama dag og að Marple Holding S.A. hafi mótttekið liðlega 3 milljarða króna.

b. Fjármunayfirfærslur skv. II. kafla ákæru

Við húsleit í Kaupthing Luxembourg S.A., við rannsókn málsins, voru haldlögð skjöl úr bókhaldi bankans, sem bera með sér að stafa frá Kaupþingi banka hf. og tengjast millifærslu á 3.080.250.000 krónum, 30. júní 2008, inn á reikning

Kaupthing Luxembourg S.A. í Kaupþingi banka hf. Eitt skjalanna ber yfirskriftina „Uppgjör á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum“. Er viðskiptamaður sagður vera Kaupthing Luxembourg S.A., en fyrir aftan nafnið er fært inn handritað, Marple Holding S.A. Er gjalddagi sagður vera 30. júní 2008 og fjárhæðin tilgreind annars vegar í pundum en hins vegar í evrum. Mismunur er sagður vera 3.080.250.000 krónur, sem leggist inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. Með þessu skjali var lagt hald á tvær staðfestingar á framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum dagsettum 23. maí 2008, annars vegar vegna evra og hins vegar vegna punda, sem einnig bera með sér að stafa frá Kaupþingi banka hf. Er viðskiptamaður í báðum tilvikum sagður vera Kaupthing Luxembourg S.A., en fyrir aftan nafn bankans fært inn eigin hendi, félagið Marple Holding S.A. Ákærðu Hreiðar Már og Magnús rita undir báðar staðfestingarnar og eru undirritanir ákærðu vottaðar af ákærðu Guðnýju Örnunni.

Mánudaginn 30. júní 2008, kl. 9.37, sendi ákærða Guðný Arna ákærða Magnúsi tölvupóst með beiðni um að staðfesta fjárhæð. Þennan sama dag, kl. 11.54, sendi ákærða Guðný Arna tölvupóst til bakvinnslu bankans með fyrirmælum um að millifæra 3.080.250.000 krónur út af reikningi Kaupþings banka hf. inn á tilgreindan reikning Kaupthing Luxembourg S.A. í bankanum. Ákærða tók fram að í skýringu við færsluna ætti að koma fram að greiðslan væri samkvæmt samningi. Þann sama dag, kl. 12.32, sendir viðtakandi tölvupóstsins tölvupóst á ákærðu og segir að þetta verði gert en spyr jafnframt hvort ákærða sendi gögn til bókunar. Ákærða svarar því játandi, kl. 12.44, þennan sama dag. Kl. 15.24 þennan dag sendir viðtakandi tölvupóstsins ákærðu tölvupóst um að greiðslan hafi verið framkvæmd. Miðvikudaginn 2. júlí 2008, kl. 10.11, sendi starfsmaður af fjármálasviði Kaupþings banka hf. tölvupóst á ákærðu Guðnýju Örnunni þar sem starfsmaðurinn leitar upplýsinga um hvert hún eigi að bóka fjárhæðina 3.080.250.000 krónur. Ákærða svarar sama dag, kl. 10.25, að bóka eigi fjárhæðina á gjaldeyrisreikning innan deildar eigin fjár í bankanum. Starfsmaðurinn eigi að fá réttan lykil hjá framkvæmdastjóra fjármálasviðs Kaupþings banka hf. Framkvæmdastjórinn svarar starfsmanninum, 3. júlí 2008, með leiðbeiningum um bókunina. Mánudaginn 30. júní 2008 kl. 13.25 sendi starfsmaður úr kostnaðarbókhaldi Kaupþings banka hf. tölvupóst á gjaldkera hjá Arion verðbréfavörslu þar sem upplýst er að Kaupþing banki hf. hafi verið að greiða 3.080.250.000 krónur inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. Fjárhæðin hafi verið færð í fjórum færslum að fjárhæð 990.000.000 krónur og einni að fjárhæð 110.250.000 krónur.

Þriðjudaginn 1. júlí 2008 sendi starfsmaður Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst á starfsmann Arion verðbréfavörslu og spyr hvort starfsmaðurinn viti um tilefni þess að 3.080.250.000 krónur hafi verið millifærðar inn á reikning bankans.

Starfsmaður af fjármálasviði Kaupþings banka hf. svarar á þann hátt að samkvæmt ákærðu Guðnýju Örnú eigi ákærði Magnús að hafa allar upplýsingar varðandi millifærsluna. Í framhaldi sendi starfsmaðurinn ákærða Magnúsi tölvupóst og spyr um greiðsluna og hvenær megi bóka hana inn í bankann. Ákærði Magnús svarar tölvupóstinum og bendir á viðskiptastjóra Kaupthing Luxembourg S.A., sem viti meira um greiðsluna þar sem hún varði viðskiptavin hans. Starfsmaðurinn sendi viðskiptastjóranum tölvupóst í framhaldi og spyr um greiðsluna. Viðskiptastjórinn svarar öðrum starfsmanni bankans á þann hátt að um sé að ræða lán til Marple Holding S.A inn á reikning 400637.

c. Fjármunayfirfærslur skv. III. kafla ákæru

Mánudaginn 19. maí 2008 sendi ákærði Hreiðar Már tölvupóst til ákærðu Guðnýjar Örnú með staðfestingu á viðskiptum um skuldabréf. Kveðst ákærði vilja „keyra“ þessi viðskipti í vikunni, sem væru kaup á eigin skuldabréfum Kaupþings banka hf. sem Kaupthing Luxembourg S.A. væri búið að vera að safna á undanförunum vikum. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á lausafjárstöðu bankans þar sem Kaupthing Luxembourg S.A. myndi leggja fjárhæðina sem Kaupþing banki hf. myndi greiða fyrir skuldabréfin, inn á reikning hjá Kaupþingi banka hf. aftur. Ákærði biður ákærðu Guðnýju Örnú um að hafa samband við ákærða Magnús til að tryggja að viðskiptin gangi snurðulaust fyrir sig. Ákærða Guðný Arna sendi ákærða Hreiðari Má staðfestingu síðar sama dag um að hún geri þetta. Ákærði Magnús sendi síðar þennan dag tölvupóst á starfsmann í Kaupthing Luxembourg S.A. þess efnis að ákærði ætli að selja þessi skuldabréf til Íslands í gegnum viðskiptavin „in need“. Biður ákærði starfsmanninn um að senda, ákærðu Guðnýju Örnú í Kaupþingi banka hf., greiðslufyrirmæli varðandi söluna. Þriðjudaginn 20. maí 2008 sendi viðkomandi starfsmaður í Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst á ákærðu Guðnýju Örnú varðandi skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. í sjö skuldabréfaflokkum. Skuldabréf þessi keypti Kaupþing banki hf. af Marple Holding S.A. SPF á nafnverði bréfanna, að viðbættum áföllnum vöxtum. Uppgjörsgdagur viðskiptanna var 21. maí 2008. Skuldabréf þessi hafði ákærði Magnús látið Kaupthing Luxembourg S.A. kaupa á markaði með afföllum í apríl og maí 2008. Kaupthing Luxembourg S.A. seldi Marple Holding S.A SPF þessi skuldabréf á tímabilinu frá 16. apríl til 20. maí 2008 á sama verði og þau voru keypt.

Ársskýrsla Kaupþings banka hf. vegna ársins 2007 er á meðal gagna málsins. Hluti skýrslunnar varðar útlánaáhættu tengda afleiðum. Fram kemur að afleiða sé fjármálagerningur eða annar samningur, þar sem virði fjármálagernings breytist vegna breytinga í undirliggjandi breytu. Kaupþing banki hf. noti afleiður í viðskiptalegum tilgangi og til áhættustýringar, t.d. til að áhættuverja skuldbindingar sínar vegna markaðsverðsáhættu, gengis- og vaxtaáhættu sem hljótist í starfsemi, fjármögnun eða fjárfestingu. Ef viðskiptamaður geri afleiðusamning við bankann sé markaðsáhættu, vegna undirliggjandi breytu, stýrt. Aftur á móti skapist mótaðilaáhætta þar sem viðskiptamaðurinn beri ábyrgð á að greiða til baka mögulegt tap á samningnum. Kaupþing banki hf. beiti ströngum reglum og verkferlum í afleiðuviðskiptum til að jafna þessa áhættu. Áður en samningur taki gildi þurfi að staðfesta láns hæfismat viðskiptamanns og beri viðskiptamanni að leggja fram veð til að mæta mögulegu tapi af samningi. Veðþekja, sem krafist sé, sé breytileg eftir undirliggjandi þáttum. Aðeins reiðufé og í sumum tilvikum sérvalin skráð verðbréf séu leyfð sem veð. Við mat á veðhæfum eignum, sé frádrag notað, bæði fyrir viðkomandi veðsett verðbréf og einnig til að gera grein fyrir því þegar undirliggjandi þáttur og veð séu ekki í sama gjaldmiðli. Ef tap á samningum eða lækkað virði veðs, vegna markaðshreyfinga eða endurmats, lækki þekju niður fyrir ákveðið stig, beri viðskiptamanni að bæta við veðið og færa veðþekjuna aftur á upprunalegt stig. Annars sé samningi rift.

Þá er á meðal rannsóknargagna málsins afrit af reglubók Kaupþings banka hf., sem samþykkt var á stjórnarfundum í bankanum 27. september 2007. Í kafla 3.3 er vikið að útlána- og mótaðilaáhættu. Í kafla 3.3.6.2 er fjallað um veðvirði og veðfrádrag. Á meðal rannsóknargagna eru verklagsferlar vegna afleiðuviðskipta sem samþykktir voru af forstöðumanni fjárstýringar og forstöðumanni afleiðuviðskipta Kaupþings banka hf. 27. mars 2007. Á myndrænan hátt er lýst því ferli sem verður er beiðni um valrétt kemur inn í bankann. Loks eru meðal gagna málsins afrit af almennum markaðsskilmálum fyrir verðbréfavíðskipti milli Kaupþings banka hf. og viðskiptavina hans. Samkvæmt 6. tölulíð skilmálanna skal viðskiptavinur staðfesta að allar eignir, sem hafi verið eða muni verða lagðar inn á reikning hjá Kaupþingi banka hf. af honum, tilheyri honum persónulega og að hann teljist vera raunverulegur eigandi þeirra, eða „beneficial owner“. Í 15. tölulíð skilmálanna er kveðið á um tryggingar og viðbótartryggingar vegna viðskipta.

V

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði *Hreiðar Már Sigurðsson* kvaðst hafa verið forstjóri Kaupþings banka hf. fram að falli bankans í október 2008. Aðdragandi þess að félagið Marple

Marple Holding S.A. SPF keypti hlutabréf í Exista hf. hafi verið sá að á árinu 2006 hafði átt sér stað mikil umfjöllun erlendra greiningaraðila og alþjóðlegra lánsþátttakafyrirtækja um að einn helsti veikleiki íslenska fjármálakerfisins væru innbyrðis tengsl aðila sem kæmu fram í krosseignarhaldi félaga. Af hálfu stjórnenda Kaupþings banka hf. hafi, af þessum ástæðum, verið lögð áhersla á að rjúfa eina krosseignarhaldið sem fyrirfannst í bókum Kaupþings banka hf., en þau tengsl hafi snúið að hlutabréfaeign bankans á hlutabréfum í Exista hf. og eignarhlut Exista hf. í Kaupþingi banka hf. Til að leysa krosseignarhaldið hafi verið ákveðið að stefna að því að efla rekstur og efnahag Exista hf. verulega, skrá félagið í kauphöll og samhliða selja hluti Kaupþings banka hf. í Exista hf. Með þessu hafi margt áunnist. Krosseignarhald á milli félaganna yrði úr sögunni, fjárhagslegur styrkur Exista hf. ykist, hluthöfum Exista hf. myndi fjölga verulega og gegnsæi myndi myndast um rekstur og efnahagslegan styrk stærsta hluthafa Kaupþings banka hf., sem yrðu um leið hagsmunir bankans. Fyrsta skref í þessu ferli fyrir Kaupþing banka hf. hafi verið yfirtaka Exista hf. á öllum hlutabréfunum í VÍS hf., en með því hafi stærsta tryggingarfélag landsins orðið hluti af samstæðu Exista hf. Með yfirtöku á VÍS hf. hafi stöðugt fjárstreymi Exista hf. samstæðunnar aukist verulega og gott jafnvægi myndast í rekstrinum. Viðræður hluthafa Exista hf. og VÍS hf. hafi farið fram eftir áramót 2006 sem endað hafi með samkomulagi um yfirtöku vorið 2006.

Við yfirtöku Exista hf. á hlutabréfunum í VÍS hf. hafi komið fram krafa frá Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf., sem hafi verið einn stærsti hluthafi VÍS hf., þess efnis að félaginu yrði tryggð sala á hlutabréfunum í Exista hf. eftir skráningu félagsins á markað. Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. hafi með öðrum orðum viljað tryggja að félagið gæti selt hlutabréfin sín í Exista hf. á því matsverði sem sameiningin hafi farið fram á en ekki bera áhættuna af þróun markaðsverðs eftir skráningu. Fallist hafi verið á þessa beiðni félagsins og verið útbúnir kaup- og söluréttarsamningar á milli Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf., óstofnaðs hlutafélags og Bakkabræðra Holding, um samningana. Kaupþing banki hf. hafi ábyrgst efndir söluréttarsamningsins gagnvart Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf. Félagið Marple Holding S.A. SPF hafi yfirtekið hluta af þessum samningum en um hafi verið að ræða samninga um kaup- og sölurétt á rúmlega 414 milljónum hluta í Exista hf. að verðmæti um 11,4 milljarðar króna. Rekstur Exista hf. hafi gengið vel eftir skráningu félagsins á markað um miðjan september 2006 og hlutabréfin haldið áfram að hækka nokkuð stöðugt fram á sumarið 2007. Eftir að Exista hf. hafi verið komið á markað í ársbyrjun 2007 hafi orðið ljóst að félagið Bakkabræður Holding hafði ekki áhuga á að eignast aukinn hlut í Exista hf., þrátt fyrir að gengi hlutabréfa félagsins hefði hækkað töluvert og verið orðið herra en gengi afleiðusamninganna.

Fyrir því hafi legið eðlileg viðskiptasjónarmið en á þessum tíma hafi hlutabréf í Exista hf. verið langsamlega stærsta eign Bakkabræðra Holding. Úr hafi orðið að meðákærða Skúla hafi sumarið 2007 verið boðið að taka yfir bæði kaup- og söluréttarsamningana í Exista hf. Skilningur ákærða á viðskiptunum hafi verið á þann veg að samningar tækjust sumarið 2007 við Marple Holding S.A. SPF, félag sem ákærði hafi talið á þeim tíma vera í eigu meðákærða Skúla, um kaup á 207,2 milljónum hluta í Exista hf., gegn því að Marple Holding S.A. SPF myndi yfirtaka bæði kaup- og söluréttarsamningana að 207,2 milljónum hluta, með viðskiptadögum í nóvember og desember 2007. Kaupþing banki hf. myndi ábyrgjast þau viðskipti. Á þann hátt hafi viðskiptin síðar verið framkvæmd. Ákærði kvaðst telja að hann hafi haft upplýsingar um eignarhald Marple Holding S.A. SPF frá meðákærða Magnúsi. Við upphafsviðskiptin hafi myndast töluvert eigið fé í kaupunum hjá Marple Holding S.A. SPF en félagið hafi á sama tíma tekið á sig töluverða áhættu af söluréttarsamningi með viðskiptadegi í desember 2007. Það hafi því haldist í hendur ágóðavon og áhætta.

Gengi hlutabréfa Exista hf., sem hækkað hafi hratt fram eftir árinu 2007, hafi byrjaði að lækka haustið 2007 og fjárhagsstaða Marple Holding S.A. SPF versnað samhliða enda áhætta félagsins bundin við fjárfestingu þess í hlutabréfum í Exista hf. Í október 2007 hafi ákærði verið í sambandi við ákærða Magnús og þeir rætt áhyggjur sínar af stöðu Marple Holding S.A. SPF og lánveitingar til félagsins þar sem Kaupþing banki hf., sem lánveitandi félagsins, hafi verið óvarinn ef lækkun hlutabréfa í Exista hf. héldi áfram. Úr hafi orðið að ákærði hafi, fyrir hönd Kaupþings banka hf., undirritað söluréttarsamning við Marple Holding S.A. SPF þar sem félagið hafi getað tryggt sig fyrir lækkun hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. Bókhaldsskjal sem fundist hafi í gögnum málsins hafi verið í fullkomnu samræmi við þennan samning. Hvers vegna frumrit þess samnings hafi ekki fundist geti ákærði ekki skýrt. Samningurinn hafi verið undirritaður af ákærða og meðákærða Magnúsi, bankastjóra Kaupthing Luxembourg S.A. Viðskiptin hafi að fullu verið framkvæmd þegar greiðslan hefði átt sér stað og samningur verið bókaður í bókhaldi. Það geti verið margar skýringar á því hvers vegna samningur hafi ekki fundist í höfuðstöðvum bankans enda hafi hann einungis verið skráður í fjárhagsbókhaldi bankans. Viti ákærði ekki hvort leitað hafi verið í þeim gögnum sem fjarlægð hafi verið af skrifstofu hans eftir að hann hafi látið af störfum í október 2008. Ákærði telji líklegast að samningurinn hafi verið í þeim gögnum á skrifstofu ákærða, en hann hafi geymt fjölda samninga og skjala í möppum á skrifstofu sinni. Ákærði hafi unnið að sérstökum stórum málum eins og varðandi yfirtökur á fyrirtækjum. Slíkir samningar hafi verið margir. Þá hafi erfíð úrlausnarverkefni lent inni á borði hjá ákærða. Samningar þessara aðila hafi verið

geymdir á skrifstofu ákærða.

Hugsunin að baki samningnum hafi verið sú, að eina áhætta Marple Holding S.A SPF á þessum tíma hafi verið hlutabréfaeign í Exista hf., sem hafi verið stærsta eign Marple Holding S.A SPF. Stærsta eign Exista hf. hafi verið hlutabréfaeignin í Kaupþingi banka hf. Með því að tryggja Marple Holding S.A. SPF gegn lækkun hlutabréfaverðs í Kaupþingi banka hf. hafi Kaupþing banki hf., sem lánveitandi, verið að tryggja hagsmuni sína. Hugsunin með þessum samningi hafi ekki verið að ganga á hagsmuni Kaupþings banka hf. heldur að minnka áhættu bankans af lánveitingunni. Hagnaður Marple Holding S.A. SPF af söluréttarsamningnum við Kaupþing banka hf., sem gengið hafi verið til 22. október 2007, með lokadegi 18. desember 2007, hafi verið um 3.017 milljónir króna. Sú fjárhæð hafi verið notuð til að greiða inn á lán Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf. Ef Marple Holding S.A. SPF hefði ekki gengið til þessa samnings hefði eigið fé verið 3.017 milljónum lægra og útlánatap Kaupþings banka hf. numið sömu fjárhæð. Þrátt fyrir þennan hagnað af söluréttarsamningnum, sem gerður hafi verið á milli Marple Holding S.A. SPF og Kaupþings banka hf., hafi Marple Holding S.A. SPF verið með neikvætt eigið fé 31. desember 2007 upp á rúmlega 600 milljónir króna eins og ársreikningur félagsins beri með sér. Allar eigur Marple Holding S.A. SPF á þessum tíma hafi staðið til tryggingar skuldbindingum við Kaupþing banka hf., með veðsamningi samkvæmt skilmálum Kaupthings Luxembourg S.A., og enginn möguleiki fyrir hluthafa Marple Holding S.A. SPF að greiða sér arð, kaupa eigin bréf eða koma til sín fjármunum á annan hátt. Kaupþing banki hf. hafi haft tögl og haldir á Marple Holding S.A. SPF, en starfsmenn Kaupthing Luxembourg S.A. hafi setið í stjórn félagsins og bankinn getað gengið að eignum félagsins hvenær sem var. Þar sem eigið fé Marple Holding S.A. SPF hafi verið neikvætt í öllu þessu ferli þá hafi það einungis verið hagsmunir Kaupþings banka hf. sem verið hafi undirliggjandi. Ákærði sé í fyrsta ákærulið ákærður fyrir fjárdrátt úr sjóðum Kaupþings banka hf. þar sem fé sem ákærði sé sakaður um að hafa dregið Marple Holding S.A. SPF hafi verið notað til að greiða skuldir félagsins við Kaupþing banka hf. Engir fjármunir hafi runnið til eigenda Marple Holding S.A. SPF. Ekkert fjártjón hafi orðið hjá Kaupþingi banka hf. vegna söluréttarsamningsins þar sem hagnaður Marple Holding S.A. SPF af samningnum hafi farið til Kaupþings banka hf. Engin sjónarmið eða markmið hafi legið að baki hjá ákærða önnur en þau að gæta hagsmuna Kaupþings banka hf. Kaupþingssamstæðan hafi fengið alla fjármunina vegna söluréttarsamningsins sem gerður hafi verið 22. október 2007, með lokadegi 18. desember 2007.

Á fyrri árshelmingi ársins 2008 hafi hlutabréfaverð í Exista hf. lækkað töluvert. Með því að skoða yfirlit yfir rekstur Marple Holding S. A. SPF sjáist að

Þeir sem stjórnað hafi fjárfestingum Marple Holding S.A. SPF hafi gripið til ráðstafana í rekstri félagsins til að minnka áhættu þess, m.a. með því að selja hluta af hlutabréfum félagsins í Exista hf., ásamt almennri eignastýringu fyrir félagið. Til að draga enn frekar úr áhættu í rekstri félagsins og til að auka líkur á að Marple Holding S.A. SPF gæti staðið í skilum með lán sem Marple Holding S.A. SPF hefði tekið hjá Kaupþingi banka hf. hafi verið gripið til tveggja ráðstafana í rekstri félagsins sem aldrei hafi getað leitt til tjóns fyrir Kaupþing banka hf. Í fyrsta lagi hafi félagið gert gjaldmiðlaskiptasamning við Kaupþing banka hf. þar sem Marple Holding S.A. SPF hafi tryggt sig gegn gengisfalli íslensku krónunnar. Allir sem starfað hafi á íslenskum hlutabréfamarkaði á þessum tíma hafi vitað að mikil fylgni væri á milli gengis íslensku krónunnar og gengi hlutabréfamarkaðarins. Það hafi því verið skynsamlegt, bæði fyrir Kaupþing banka hf. og Marple Holding S.A. SPF að gera samning þar sem Marple Holding S.A. SPF tryggði sig gegn falli krónunnar en Kaupþing banki hf. hafi á þeim tíma verið með svokallaða „gnótt stöðu“ í gjaldeyri. Árshlutauppgjör bankans sýni vel að Kaupþing banki hf. hafi verið með „gnótt stöðu“ í erlendum gjaldeyri á þessum tíma, en „gnótt staða“ í erlendum gjaldmiðli þýði að Kaupþing banki hf. hafi átt meiri erlendan gjaldeyri en félagið hafi skuldað í erlendum gjaldeyri. Framvirkir samningar um gjaldeyrisviðskipti, sem Kaupþing banki hf. hafi gert við Marple Holding S.A. SPF í gegnum Kaupthing Luxembourg S.A., 23. maí 2008, séu í gögnum málsins undirritaðir af ákærða og meðákærða Magnúsi. Engin annarleg sjónarmið hafi legið að baki þessum samningum og hafi ákærði verið að gæta hagsmuna Kaupþings banka hf.

Svo hafi farið að bæði hlutabréfamarkaðir og gengi krónunnar hafi haldið áfram að lækka á öðrum ársfjórðungi 2008. Niðurstaðan hafi orðið sú að Marple Holding S.A. SPF hafi hagnast á gjaldmiðlasamningunum en tapað á hlutabréfaeign sinni. Hagnaðurinn sem Marple Holding S.A. SPF hafi getað innleyst af gjaldmiðlaskiptasamningum hafi verið nýttur til að greiða niður lán hjá Kaupþingssamstæðunni. Engir fjármunir hafi runnið til eigenda Marple Holding S.A. SPF, en fjármunir runnið til Kaupþingssamstæðunnar. Hagnaðurinn af framvirka samningnum hafi tryggt að ekki hafi orðið samsvarandi útlánatap af lánveitingunni til Marple Holding S.A. SPF. Eins og áður sagði hafi Kaupþing banki hf. verið með „gnótt stöðu“ í erlendum gjaldeyri og því hafi lækkun krónunnar ekki haft neikvæð áhrif á rekstur bankans. Í öðru lagi hafi Marple Holding S.A. SPF keypt skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. af Kaupthing Lúxemborg S.A. Ákærði hafi ekki tekið ákvörðun um að Marple Holding S.A. SPF keypti þessi skuldabréf enda hafi ákærði ekki haft umboð til að taka ákvarðanir fyrir Marple Holding S.A. SPF. Ákærði hafi hins vegar tekið ákvörðun um að greiða af skuldabréfum þeim sem Marple Holding S.A. SPF hafi átt fyrir gjalddaga

Þeirra en andvirðið hafi verið notað til að greiða upp skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupthing Luxembourg S.A. sem verið hafi með ábyrgð Kaupþings banka hf. Fjármunir þeir sem Marple Holding S.A. SPF hafi hagnast um, á kaupum og með endurgreiðslu á skuldabréfum Kaupþings banka hf., hafi runnið til Kaupþingssamstæðunnar en ekki til Marple Holding S.A. SPF eða eiganda félagsins. Ekkert fjártjón hafi orðið af þessari ráðstöfun þar sem Kaupþing banki hf. hafi skuldað þá fjárhæð sem Kaupþing banki hf. hafi greitt Marple Holding S.A. SPF. Ekkert hafi kom í veg fyrir að Marple Holding S.A. SPF hefði átt skuldabréfin áfram og fram á gjalddaga. Á gjalddaga skuldabréfanna hefði Kaupþing banki hf. þurft að gera upp skuldina á nafnverði. Ákvörðun um að greiða af skuldabréfunum, sem verið hafi í eigu Marple Holding S.A. SPF, hafi einfaldlega verið ákvörðun um að greiða réttmæta kröfu fyrir gjalddaga. Marple Holding S.A. SPF hafi nýtt fjármunina sem það hafi fengið fyrir skuldabréfin til að greiða inn á skuld sína við Kaupþing banka hf. Sem fyrr hafi félagið Marple Holding S.A. SPF verið með neikvæða eiginfjárstöðu og félagið alfarið í „fanginu“ á Kaupþingi banka hf. Eigandi Marple Holding S.A. SPF hafi enga hagsmuni haft af þessum viðskiptum og þeir alfarið legið hjá Kaupþingi banka hf. Það sem í raun hafi gerst í þessum viðskiptum hafi verið að Marple Holding S.A. SPF og Kaupþing banki hf. hafi í raun skipt á skuldum sínum. Marple Holding S.A. SPF með því að afhenda skuldabréfin sem félagið hafi átt á Kaupþingi banka hf. og Kaupþing banki hf. með því að greiða inn á skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf. Þrátt fyrir að markaðsverð skuldabréfa banka Kaupþings hf. hafi á þessum tíma verið um 80% af nafnverði þá hefði markaðsverð lánsammans Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf. verið miklu lægra. Verðmætin sem Kaupþing banki hf. hafi fengið í hendur hafi verið meira en hugsanlegt verðmæti láns Marple Holding S.A. SPF á þessum tíma, ef farin væri sú leið að horfa á líklegt markaðsverð. Það hafi því ekki verið eðlilegt að stilla viðskiptum Marple Holding S.A. SPF og Kaupþings banka hf. þannig upp að Kaupþing banki hf. hafi látið af hendi lánasamning sem meta skyldi á 100% virði en fengið í staðinn skuldabréf sem bankinn hafi gefið út og þau skyldu metin á 80% virði. Það væri röng framsetning. Viðskipti Marple Holding S.A. SPF og Kaupþings banka hf. með skuldabréf Kaupþings banka hf. og lækkun skulda Marple Holding S.A. SPF í framhaldinu hafi engu tjóni valdið fyrir Kaupþing banka hf. Viðskiptin hafi verið skynsamleg ráðstöfun fyrir bæði félög og leitt til minna útlánataps, hjá Kaupþingi banka hf., en ella. Skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf. hafi lækkað, komið hafi verið í veg fyrir samsvarandi útlánatap hjá Kaupþingi banka hf. og eigið fé Kaupþings banka hf. hafi ekki lækkað.

Marple Holding S.A. SPF hafi á árinu 2007 tekið um 11,4 milljarða króna lán hjá Kaupþingi banka hf. til kaupa á hlutabréfum í Exista hf. Kaupþing banki hf. hafi, að auki árunum 2007 og 2008, krafð Marple Holding S.A. SPF um tæplega 1,6 milljarða króna í vexti. Lán og áfallnir vextir frá Kaupþingi banka hf. hafi því samtals numið um 13 milljörðum króna. Marple Holding S.A. SPF hafi tekist að greiða þessa 13 milljarða króna, þ.e. lán og vexti, að stærstum hluta til baka, þrátt fyrir að aðaleign félagsins hefði hrunið í verði á 18 mánaða tímabili og á endanum orðið verðlaus. Útlánatap Kaupþings banka hf. af lánveitingu til Marple Holding S.A. SPF hafi orðið mun lægri fjárhæð en 13 milljarðar króna, eða um 4 milljarðar króna, meðal annars vegna afleiðusamninga og skuldabréfaviðskipta Marple Holding S.A. SPF og Kaupþings banka hf. Samningar sem gerðir hafi verið hafi einvörðungu miðað að því að minnka áhættu í rekstri Marple Holding S.A. SPF og bæta stöðu Kaupþings banka hf. sem eina lánveitanda félagsins.

Að því er önnur atvik málsins varðaði bar ákærði á þann veg að meðákærða Guðný Arna hafi, innan Kaupþings banka hf., heyrt beint undir ákærða og hafi hann í skjóli stöðu sinnar getað gefið henni fyrirsmæli. Meðákærða hafi ekki komið að þeim samningum er ákærði hafi gert varðandi Marple Holding S.A. SPF og tengdust ákæru málsins. Hafi ákærði einungis gefið henni fyrirsmæli um útgreiðslu í samræmi við samninga. Hafi ákærði á sama tíma sýnt henni útreikninginn og samninginn. Að því er varði fylgiskjal í gögnum máls varðandi útgreiðslu á 3.016.750.000 krónum væri um að ræða valréttarsamninginn um hlutabréf í Kaupþingi banka hf. sem gerður hafi verið við Marple Holding S.A. SPF. Samninginn hafi ákærði, eins og áður sagði, gert við meðákærða Magnús. Ákærði kvaðst ekki hafa munað sérstaklega eftir þessum samningi er tekin var af honum lögregluskýrsla vegna málsins og því hafi svör hans verið með þeim hætti í fyrstu yfirheyrslum hjá lögreglu. Ákærði kvaðst oft hafa fengið inn á borð hjá sér málefni stærri viðskiptavina þar sem leysa hafi þurft úr flóknum málum. Mál Marple Holding S.A. SPF hafi verið þeirrar gerðar og því ekkert óeðlilegt við það að það hafi verið leyst af ákærða. Samningar hafi verið gerðir til að leysa vanda Kaupþings banka hf. og því ekki þurft að kveða á um sérstakar varnir vegna samninga. Kvaðst ákærði telja að hann hefði falið sérfræðingum innan bankans að vinna að vörnum, ef hann hefði talið þeirra þörf. Að því er varðar útreikning þóknunar fyrir bankann kvað ákærði bankann geta samið á þann hátt sem hann teldi best. Í tilviki Marple Holding S.A. SPF hafi verið um að ræða sérstakt tilvik og það því ekki fallið að venjulegum reglum bankans. Þau hafi þar af leiðandi ekki lent annars staðar í deildum bankans, svo sem almennt væri varðandi einstakar tegundir samninga. Í samningnum sjálfum hafi verið kveðið á um þóknun bankans ef viðskiptamaðurinn hefði ekki nýtt sér söluréttinn. Ákærði kvaðst ekki þekkja til nákvæmra útreikninga

samkvæmt samningum og því ekki vita af hvaða ástæðum mismunur væri í tölulegum útreikningi. Ákærði kvaðst oft hafa ritað undir gjaldmiðlaskiptasamninga fyrir hönd Kaupþings banka hf. Ekki hafi þurft að verja söluréttarsamninginn í bankanum þar sem undirliggjandi hafi verið eignir bankans. Innan bankans hafi verið verklagsferlar vegna afleiðuviðskipta. Þessar reglur hafi gilt um starfsemi og starfsmenn afleiðudeilda þegar þeir hafi gengið til viðskipta. Mörg dæmi hafi verið um að afleiðuviðskipti innan bankans hafi ekki farið í gegnum borð afleiðudeilda. Ákærði kvaðst telja líklegast að hann hafi sjálfur lagt mat á og fundið verð í söluréttarsamninginn. Vel geti þó verið að ákærði hafi borið þetta undir einhvern og fengið utanaðkomandi mat. Málefni Marple Holding S.A SPF hafi hins verið alveg sérstaks eðlis í ljósi ábyrgðar bankans á viðskiptunum. Í því tilviki hafi hlutabréf í Kaupþingi banka hf. verið undirliggjandi. Af þeim ástæðum hafi ekki þurft að stýra undirliggjandi breytu, eins og almennt væri. Ákærði kvaðst ekki muna sérstaklega hver hefði útbúið gjaldmiðlaskiptasamninginn, skv. II. kafla ákæru. Ákærði hafi gefið meðákærðu Guðnýju Örnu fyrirmæli um að millifæra fjármuni til Kaupthing Luxembourg S.A. í tengslum við fjármunayfirlýsningu skv. II. kafla ákæru. Ákærði myndi ekki sérstaklega eftir því hvaða gögn meðákærða hafi séð hjá ákærða er hann hafi gegið henni fyrirmælin. Samninginn hafi ákærði ritað undir fyrir hönd Kaupþings banka hf. og meðákærði Magnús fyrir hönd Marple Holding S.A SPF. Ákærði kvaðst ekki þekkja hvort Kaupthing Luxembourg S.A. hafi í einhverjum tilvikum komið fram í viðskiptum fyrir hönd viðskiptavina sinna. Kaup skuldabréfa skv. III. kafla ákæru hafi verið færð inn á reikning yfirstjórnar Kaupþings banka hf. Hafi það verið gert þannig í ljósi þess að ákærði hafi mælt fyrir um þessi viðskipti, en hann hafi borið ábyrgð á eignasafni undir yfirstjórn. Ákærði kvaðst ekki hafa átt aðkomu að því að Marple Holding S.A. SPF keypti umrædd skuldabréf. Ákærði hafi hins vegar komið að skuldauppgjörinu. Í raun hafi verið skipst á kröfum. Kaupþing hf. hafi keypt þessi skuldabréf sem Marple Holding S.A SPF hafi átt á Kaupþing banka hf. en hafi greitt upp á móti skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupthing Luxembourg S.A. sem Kaupþing banki hf. hafi ábyrgst. Á fyrsta ársfjórðungi 2008 hafi stefna Kaupþings banka hf. verið að kaupa til baka eigin skuldabréf. Hafi bankinn með því getað hagnast með því að kaupa skuldabréfin með afföllum. Eins hafi bankinn með því minnkað endurfjármögnunarþörf bankans. Viðskiptin með skuldabréfin skv. III. kafla ákæru hafi verið einu viðskiptin á árinu 2008 sem gerð hafi verið á nafnverði. Hafi það verið gert í ljósi þess að um skuldajöfnun hafi verið að ræða.

Að því er varðaði ábyrgð er Kaupþing banki hf. hefði tekið á sig varðandi kaup- og sölurétt á milli félaganna Bakkabræðra Holding og Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. hafi sú ábyrgð verið gefin út sem þáttur í þeirri lausn, er Exista hf.

hafi verið skráð á markað. Ábyrgðin hafi verið gefin út á árinu 2006. Eignarhaldsfélagið hafi haft áhyggjur af því að mótaðili í viðskiptunum gæti staðið undir svo stórrí áhættu og skuldbindingu. Hafi félagið gert kröfu um að Kaupþing banki hf. myndi ábyrgjast fjármögnun fyrir nýstofnað félag, sem yrði mótaðili í viðskiptunum í stað Bakkabræðra Holding. Hafi Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. haft af því áhyggjur að mótaðili yrði á aflandseyju og að ekki yrði nægjanlegt hald í ábyrgð slíks félags, ef á reyndi. Þetta hafi verið upphaf þess að Kaupþing banki hf. hafi borið ábyrgð á efndum kaup- og söluréttarsamninga sem gerðir hafi verið sumarið 2007 og í desember 2007. Þessi ábyrgð, sem upphaflega hafi miðast við Bakkabræður Holding, hefði færst yfir á Marple Holding S.A. SPF og ætlunin að ábyrgðin kæmi í gegnum Kaupthing Luxembourg S.A. Í raun hafi einungis þurft að ábyrgjast söluréttarsamninginn, en ekki kaupréttarsamninginn. Staðan hafi því verið sú að Kaupthing Luxembourg S.A. hafi veitt lán sem Kaupþing banki hf. hafi ábyrgt. Slíkar ábyrgðir hafi tíðkast í ljósi þess hve lítið eigið fé Kaupthing Luxembourg S.A. hafi verið. Það hafi því alltaf verið ljóst að það væri Kaupþing banki hf. sem ábyrgðist viðskiptin um hlutabréfin í Exista hf. en ekki Kaupthing Luxembourg S.A. Fjártljónshætta fyrir Kaupþing banka hf. hafi ekki verið í kringum kaup- og söluréttarsamninga sem efndir hafi verið á árunum 2007 og 2008. Hin eiginlega fjártljónshætta Kaupþings banka hf. hafi orðið miklu fyrir í atburðarásinni, en það hafi verið þegar bankinn tók á sig ábyrgð á upphaflegu viðskiptunum á árinu 2006. Allar ráðstarfanir bankans eftir það hafi verið gerðar í skjóli þess að efna þá ábyrgð. Engir fjármunir hafi farið til ákærða Skúla. Þá hafi engir fjármunir runnið til Marple Holding S.A. SPF. Fjármununum hafi verið ráðstafað til að lækka skuld þess félags við Kaupþing banka hf.

Ákærði *Magnús Guðmundsson* kvaðst hafa hafið störf hjá Kaupþingi banka hf. á Íslandi 1994 og Kaupþing banki hf. á þeim tíma verið verðbréfafyrirtæki. Ákærði hafi fljótlega verið gerður að yfirmanni einkabankaþjónustu. Á árinu 1997 hafi ákærða verið falið að undirbúa stofnun Kaupthing Luxembourg S.A. sem hafi verið sett á laggirnar sem verðbréfafyrirtæki. Á árinu 2000 hafi félagið sótt um bankaleyfi og starfað sem banki eftir það með áherslu á einkabankaþjónustu. Höfuðstöðvar bankans hafi alla tíð verið í Lúxemborg, en útibú verið rekin í Genf í Sviss, Brussel og Antwerpen í Belgíu. Á árinu 2007 hafi meðákærði Hreiðar Már haft samband og spurt hvort að ákærði teldi að meðákærði Skúli myndi vilja taka yfir kauprétt á hlutabréfum í Exista hf., sem væru með óinnleystan hagnað. Sá böggull fylgdi skammrifi að hann þyrfti á sama tíma að taka yfir sölurétt á hlutabréfum í sama félagi. Þar sem ákærði hafi gætt hagsmuna meðákærða Skúla og töluverð áhætta verið samfara því að taka yfir söluréttinn hafi ákærði óskað eftir að meðákærði fengi að nota til viðskiptanna félag með takmarkaða áhættu. Hafi

ákærði falið lögfræðisviði bankans að ganga frá nauðsynlegum atriðum er viðskiptin varðaði. Hafi ákærði aldrei séð endanleg skjöl um eignarhald meðákærða Skúla á félaginu. Óumdeilt sé að Marple Holding S.A. SPF hafi gert samninginn um Exista bréfin við Kaupþing banka hf. Engin gögn hafi verið til um þau kaup í kerfum Kaupthing Luxembourg S.A.

Í október 2007 hafi ákærði rætt við meðákærða Hreiðar Má um að ákærði hefði áhyggjur af þróuninni á markaði og að sölurétturinn og lækkandi hlutabréfaverð myndi skapa stórt tap fyrir Marple Holding S.A. SPF og þar að leiðandi Kaupþing banka hf. Sölurétt á hlutabréfum í Exista hf. hafi meðákærði Hreiðar Már alls ekki viljað semja um þar sem það myndi þýða að Kaupþing banki hf. gæti eignast aftur bréfin, sem ekki hafi verið í samræmi við stefnu félagsins um að losa sig við og slíta krosseignatengsl við Exista hf. Úr hafi orðið að meðákærði Hreiðar Már hafi samið við ákærða, fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF, um að félagið myndi verja áhættu sína með því að fá valrétt í formi söluréttar á hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. Hafi ákærði í framhaldi skrifað undir samning þess efni fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF. Hlutabréf í Kaupþingi banka hf. hefðu eðlilega haft mjög mikla fylgni við verðþróun á hlutabréfum í Exista hf. og því verið tilvalin vörn fyrir félagið og lánveitanda þess. Þar hafi í huga ákærða farið saman hagsmunir lánveitanda og lántaka. Ákærði þekkti hins vegar ekki hvernig meðákærði Hreiðar Már hafi gengið frá viðskiptunum innan Kaupþings banka hf. Þekkti ákærði ekki til ferla innan þess banka og hvernig ákvörðunum hefði verið fylgt eftir. Aukin heldur þekkti ákærði ekki til þess hvort meðákærði hafi látið bankann „verja þessa stöðu“ eða hvort meðákærða hafi þótt nægilegt að ákvörðun um viðskiptin myndi minnka áhættu Kaupþings banka hf. af lánveitingum til Marple Holding S.A. SPF.

Þar sem Marple Holding S.A. SPF hafi átt sín viðskipti beint við Kaupþing banka hf. hafi viðskiptin ekki farið í gegnum miðlunarborð Kaupthing Luxembourg S.A. Frá þeim tíma sem að kauprétturinn var nýttur þar til að sölurétturinn var nýttur hafi verð hlutabréfa í Exista hf. lækkað um 45% eða úr 34,4 í 19,1 og tap Marple Holding S.A. SPF í árslok 2007, samkvæmt ársreikningi orðið 647 milljónir króna, þrátt fyrir varnir sem settar hafi verið með söluréttinum. Löngu fyrir þetta hafi verið ljóst að meðákærði Skúli hafi enga hagsmuni lengur átt af Marple Holding S.A. SPF og félagið verið komið í „fangið“ á Kaupþingi banka hf. Rétt eins og önnur erfið skuldamál í Kaupthing Luxembourg S.A. hafi málefni félagsins endað inni á borði hjá ákærða, rétt eins og önnur erfið skuldamál hjá Kaupþingi banka hf. hafi endað inni hjá meðákærða Hreiðari. Hefði ákærði því fullan skilning á þeim framburði meðákærða Skúla þegar hann héldi því fram að hann ætti ekki Marple Holding S.A. SPF, enda hefði hann enga hagsmuni haft af rekstri þess síðla

árs 2007 og einungis verið uppi sú spurning hversu mikið tap Kaupþings banka hf. myndi verða af lánum þess til félagsins. Þessu tapi hefði Kaupþing banki hf. orðið fyrir hvort sem af viðskiptunum við Marple Holding S.A. SPF hefði orðið eða ekki því Kaupþing banki hf. hafi gefið loforð fyrir fullnustu söluréttarins á hlutabréfum í Exista hf. til Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. löngu áður en að félagið Marple Holding S.A. SPF eða meðákærði Skúli komu að málum. Eftir þessi viðskipti hafi ákærði átt fjölmörg viðskipti fyrir Marple Holding S.A. SPF sem öll hafi verið til þess gerð að reyna að draga úr tjóni Kaupþings banka hf. Hafi ákærði ekkert samráð haft við meðákærða Skúla um þessi viðskipti. Liðlega 30% af hlutabréfum Marple Holding S.A. SPF í Exista hf. hafi verið seld að meðákærða Skúla forspurðum. Allir fjármunir af þeirri sölu hafi farið til niðurgreiðslu á lánum Marple Holding S.A. SPF hjá Kaupþingi banka hf.

Á vormánuðum 2008 hafi ákærði, fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF, byrjað að kaupa skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. í þeim sama tilgangi og lýst var áður. Þau hafi verið gerð án vitundar meðákærða Skúla enda félagið komið á forræði kröfuhafa þess. Félagið hafi getað notað skuldabréfin í skuldajöfnun við Kaupþing banka hf. ef salan hefði ekki gengið í gegn. Ákærði hafi ekki tekið ákvarðanir fyrir Kaupþing banka hf. og enga ástæðu haft til að ætla að meðákærði Hreiðar hefði ekki haft heimildir til þess að taka þær ákvarðanir, enda viðskiptin fyrir allra augum. Viðskiptin hafi farið fram í gegnum miðlunarborð Kaupthing Luxembourg S.A., ólíkt söluréttarsamningunum og allar færslur rekjanlegar, enda skuldabréfin inni fjárvöslureikningi Marple Holding S.A. SPF hjá bankanum. Í huga ákærða hafi viðskiptin ekki getað orðið til tjóns fyrir Kaupþing banka hf. þar sem ávinningur af viðskiptunum fyrir Marple Holding S.A. SPF hafi einungis farið í að greiða niður skuld félagsins við Kaupþing banka hf. og þar með minnka tjón Kaupþings banka hf. af lánveitingunni.

Í maí 2008 hafi verið gerður framvirkur gjaldmiðlaskiptasamningur þar sem að ákærði hefði samið við meðákærða Hreiðar Má um að Marple Holding S.A. SPF myndi gera skortssamning á krónum gegn erlendum myntum. Mikil fylgni hafi verið milli hlutabréfaverðs á Íslandi og gengi krónunnar. Á gjalddaga sammingsins hafi hagnaður af samningnum verið lagður inn á reikning Marple Holding S.A. SPF til lækkunar á skuldum félagsins. Samningurinn hafi fundist við húsleit lögreglu í Lúxemborg. Áfram hafi verið seld hlutabréf félagsins í Exista hf. til að minnka markaðsáhættu þess eins og yfirlit félagsins gefi til kynna.

Ákærði kvaðst 3. október 2008 hafa samið við þáverandi framkvæmdastjóra lánasviðs Kaupþings banka hf. og meðákærða Hreiðar Má um greiðslur áfallinna ábyrgða fyrir eftirstandandi skuldbindingar Marple Holding S.A. SPF, greiðslu fyrir áfallnar ábyrgðir vegna lána til félagsins Holly Beach og greiðslu fyrir sölu

félagsins SKLux S.A. á hlutabréfum í fasteignafélaginu Immo Croissance S.A. Á grundvelli þess samkomulags hafi verið gerð greiðslubeiðni af fjármálastjóra Kaupþings banka hf., meðákærðu Guðnýju Örnú. Augljóst sé að millifærslan varði þrjá óskylda löggerninga, sem allir hafi verið greiddir með einni millifærslu í stað þriggja. Sé það ástæða þess að öll upphæðin endi inn á reikning Marple Holding S.A. SPF, í stað þess að vera skipt upp í þrennt við móttöku greiðslunnar á bankareikningi Kaupthing Luxembourg S.A. Greiðslufyrirmæli Kaupþings banka hf. hafi ekki verið stíluð á Marple Holding S.A. SPF heldur hafi greiðslufyrirmælin verið stíluð beint á Kaupthing Luxembourg S.A. sem móttakanda. Sé þetta útskýrt í ýmsum samtímagögnum hjá Kaupthing Luxembourg S.A.

Um atvik að öðru leyti bar ákærði að starfsmaður bankans í Lúxemborg hafi verið viðskiptastjóri fyrir meðákærða Skúla. Ákærði hafi eins annast viðskipti fyrir meðákærða, en viðskiptastjórinn séð um hin daglegu viðskipti. Stærri mál hafi verið á borði ákærða, eins og málefni Marple Holding S.A. SPF. Eins og áður greini hafi ákærði rætt við meðákærða Skúla um kaup- og sölurétt að bréfunum í Exista hf. Hafi ákærði í framhaldi falið lögfræðideild bankans að ganga frá eignarhaldinu á félaginu. Hafi ákærði gengið út frá því að meðákærði Skúli yrði eigandi félagsins. Ákærði kvaðst ekki þekkja neitt af málefnum Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. en sennilega hafi verið haft samband við ákærða um viðskipti vegna tengsla ákærða við meðákærða Skúla. Hafi ákærði verið mótaðili Kaupþings banka hf. í viðskiptunum fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF. Hafi ákærði litið svo á að hann hefði umboð til einstakra viðskipta fyrir hönd félagsins. Ákærði hafi samið við meðákærða Hreiðar Má í valréttarsamningi samkvæmt I. kafla ákæru. Ákærði kvaðst ekki hafa verið í neinum samskiptum við meðákærðu Guðnýju Örnú vegna þeirra viðskipta sem ákært væri fyrir.

Ákærða *Guðný Arna Sveinsdóttir* kvaðst allt frá árinu 2005 hafa starfað sem fjármálastjóri Kaupþings banka hf. Undir hennar svið hafi heyrt bókhald og uppgjör vegna bankans. Hennar nánasti yfirmaður hafi verið meðákærði Hreiðar Már. Ákærða kvaðst í störfum sínum fyrir bankann ekki hafa þekkt til félagsins Marple Holding S.A. SPF eða hvernig eignarhaldi í því félagi hafi verið háttað. Að því er varðaði söluréttarsamning um hlutabréf í Kaupþingi banka hf., sem legið hafi til grundvallar millifærslu á liðlega 3 milljörðum króna, inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. hjá Kaupþingi banka hf. 19. desember 2007, bar ákærða að meðákærði Hreiðar Már hafi kallað ákærðu inn á skrifstofu sína og óskað eftir því að ákærða myndi annast þessa millifærslu. Hafi meðákærði farið yfir forsendur að baki millifærslunnar, auk þess sem hann hafi verið með gögn hjá sér varðandi greiðsluna. Hafi meðákærði Hreiðar Már nefnt meðákærða Magnús sem mótaðila í viðskiptunum. Af þeim ástæðum hafi ákærða þurft að kalla eftir reikningsnúmeri

hjá meðákærða. Ákærða hafi sent millifærsluna áfram innan bankans til starfsfólks í bakvinnslu. Skjal til grundvallar þessari millifærslu, sem fundist hafi í bókhaldi, hafi ákærða samið sjálf. Hún hafi fengið upplýsingar að baki, frá meðákærða Hreiðari Má, upp úr söluréttarsamningi. Þann samning hafi ákærða séð á borði meðákærða Hreiðars Más. Hún hafi hins vegar ekki fengið hann í hendur. Ákærða kvaðst ekki þekkja ástæður þess að sá samningur hafi ekki fundist í skjölum bankans. Á því geti verið skýringar, en varsla bankans á skjölum hafi ekki verið fullkomin. Að því er varði skjal sem fundist hafi í bókhaldinu kvaðst ákærða ekki geta sagt til með vissu hvenær hún hafi búið það til. Væntanlega hafi þurft fylgiskjal með greiðslunni og hafi hún útbúið slíkt skjal. Hún kvaðst ekki hafa komið að verðlagningu söluréttarins í þessu tilviki. Ákærða kvaðst ekki þekkja til verkferla innan bankans á sínum tíma hvort verja hafi þurft samning sem þennan gagnvart bankanum.

Að því er varðar millifærsluna 30. júní 2008 af reikningi Kaupþings banka hf. inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. hjá Kaupþingi banka hf. hafi það verið sem áður að meðákærði Hreiðar Már hafi kallað ákærðu til og beðið hana um að annast millifærsluna. Komið hafi fram að millifærslan væri vegna framvirkra gjaldmiðlaskiptasamninga. Staðfesting á viðskiptunum hafi verið komin og ákærða sennilega verið í sambandi við meðákærða Magnús vegna millifærslunnar. Ákærða kvaðst þess fullviss að hún hafi séð staðfestingar vegna framvirku gjaldmiðlaviðskiptanna á sínum tíma, enda hafi hún undirritað þær sem vottur. Ekki myndi ákærða hvort hún hafi vottað skjölin við undirritun þeirra. Hún hafi framsent málið innan bankans í bakvinnslu til að millifærslan yrði framkvæmd. Ákærða kvaðst ekki þekkja hver hafi útbúið umrædd skjöl. Er ákærða hafi séð umrædd skjöl hafi ekki verið búið að handfæra inn á þau nafn Marple Holding S.A. SPF. Er hún hafi séð skjölin hafi Kaupthing Luxembourg S.A. verið viðskiptamaður samkvæmt samningnum. Ákærða kvaðst þá ekkert hafa þekkt til þess félags eða fjárhagsstöðu þess. Hún kvaðst ekki kunna skýringu á því að gögn varðandi þessa færslu hafi ekki fundist hjá Kaupþingi banka hf. né kvaðst hún þekkja hvort farið hafi verið eftir verkferlum Kaupþings banka hf. vegna afleiðuviðskipta við meðferð málsins.

Að því er varðaði skuldabréfakaup Kaupþings banka hf. af Marple Holding S.A. SPF, 20. maí 2008, hafi það mál verið á hendi meðákærða Hreiðars Más. Ákærða hafi þó þekkt stefnu Kaupþings banka hf. á þessum tíma varðandi kaup á eigin skuldabréfum, sem hafi þótt hagkvæmt fyrir bankann. Stjórnendur bankans hafi tekið allar ákvarðanir um áherslur í því sambandi. Ákærða kvaðst hafa komið þessum viðskiptum áfram í bakvinnslu bankans til að viðskiptin gætu gengið í gegn. Hafi það verið eina hlutverk hennar í þessu ferli. Þetta hafi ekki verið eina dæmið um að meðákærði Hreiðar Már kæmi að viðskiptum af þessum toga.

Ákærða kvaðst ekki hafa þekkt tiltekin atriði í viðskiptunum. Að því er varðaði tölvupósta innan bankans um að þessi viðskipti skyldu færð á yfirstjórn, þá hefðu viðskipti er meðákærði Hreiðar Már hefði staðið fyrir verið færð þar, hvort sem um hafi verið að ræða hlutabréf eða skuldabréf. Það hafi verið gert í ljósi þess að hann hafi ákveðið viðskiptin og þannig borið ábyrgð á þeim. Öll fyrirmæli frá meðákærða Hreiðari Má, varðandi þessi viðskipti og önnur er ákært væri fyrir í málinu, hafi ekki á neinn hátt verið óvenjuleg í starfi ákærðu. Ekki hafi verið óalgengt að meðákærði kæmi að daglegum viðskiptum. Meðákærði Magnús hafi hins vegar ekkert boðvald haft innan bankans. Ákærða kvaðst aldrei hafa verið í samskiptum við meðákærða Skúla vegna neinna þessara viðskipta.

Ákærði *Skúli Þorvaldsson* kvaðst skilgreina sig sem fagfjárfesti. Hann hafi átt viðskipti við Kaupthing Luxembourg S.A. allt frá því meðákærði Magnús hafi farið ytra 1998. Í upphafi hafi ákærði verið í miklum samskiptum við meðákærða Magnús vegna fjárfestinga sinna. Er meðákærði hafi verið gerður að framkvæmdastjóra Kaupthing Luxembourg S.A. hafi A verið gerður að viðskiptastjóra ákærða ytra. Þrátt fyrir það hafi meðákærði Magnús verið inni í ýmsum fjárfestingum hans. Það sama hafi gilt bæði um meðákærða Magnús sem og viðskiptastjórnann, að allar fjárfestingar fyrir hönd ákærða hafi verið gerðar í samráði við ákærða. Venjulega hafi í upphafi verið gerður svonefndur fjárvörslusamningur, en hann hafi falið það í sér að viðskiptastjóri hafi farið með tilgreindar heimildir til fjárfestinga, sem hafi verið skilgreindar í samningi. Þrátt fyrir það hafi viðskiptastjórnar ekki getað gert neinar meiriháttar skuldbindingar án samráðs við ákærða. Hafi það einnig gilt um meðákærða Magnús, sem ákærði kvaðst þó hafa treyst fullkomlega til fjárfestinga fyrir sig.

Ákærði kvaðst við rannsókn málsins á sínum tíma ekkert hafa munað eftir félagi með nafninu Marple Holding S.A. SPF er það félag og eignarhald á því hafi verið borið undir hann. Hefði ákærði ekki munað eftir að hafa ritað undir neina pappíra tengda félaginu fyrir en honum hafi verið sýndir slíkir pappírar. Eftir að rannsókn málsins fór af stað hafi ákærði hins vegar séð ýmis skjöl varðandi félagið sem sum hver væru með undirritun ákærða. Kvaðst hann ekki muna eftir að hafa greitt fyrir félagið, hvorki gagnvart Kaupthing Luxembourg S.A., né gagnvart yfirvöldum úti, sem þó væri skilyrði ef ný félög væru skráð. Þá hefði ákærði engin gögn séð um að félag þetta hefði verið framselt frá eigendum til ákærða. Ákærði hafi ekkert þekkt til fjárfestinga þessara félaga, eða hvort félagið ætti kaup- eða sölurétti á einhver hlutabréf, svo sem á Kaupþing banka hf. Ákærði kvaðst ekki vilja tjá sig um þann framburð meðákærðu Hreiðars Más og Magnúsar að ákærði hafi sumarið 2007 tekið yfir kaup- og sölurétt á hlutabréfum í Exista hf. Ákærði hafi aldrei verið upplýstur um nein slík viðskipti í þessu félagi. Hann kvaðst ekkert

þekkja til lánveitinga gagnvart Marple Holding S.A. SPF og hafi ákærði ekki látið í té neinar ábyrgðir gagnvart félaginu. Þá hafi ákærði á sínum tíma ekkert þekkt til skuldabréfakaupa þessa félags á Kaupþing banka hf., sem ákært væri út af í III. kafla ákæru.

Ákærði bar að eftir hið svokallaða efnahagshrun, í október 2008, hafi meðákærði Magnús minnst á gjaldmiðlaskiptasamninga og Marple Holding S.A. SPF í því sambandi. Það hafi komið til af því að ákærði hafi eignast hlut í fasteignafélaginu Immo croissance. Hafi ákærði átt 1/3 hluta í upphafi og Baugur 2/3 hluta. Hafi meðákærði Magnús beðið ákærða að kaupa Baug út. Ákærði hafi verið tregur til að gera það þar sem ákærði hafi átt nóg af fasteignafélögum og óskráðum félögum. Hafi meðákærði beðið ákærða um að hjálpa bankanum og gera þeim greiða, en fjárfestingin hafi verið töluverð. Hafi ákærði samþykkt þetta gegn því að fá sölurétt á Kaupþing banka hf. sem gilt hafi í 1 ár. Vitni að þessu samtali hafi verið yfirlögfræðingur hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Hafi þetta gengið eftir og ákærði eignast sölurétt á Kaupþing banka hf. Hafi ákærði virkjað söluréttinn, 30. september 2008, með gjalddaga 3. október 2008. Sölurétturinn hafi verið í eigu félagsins SKLux S.A. Þegar peningurinn hafi ekki skilað sér inn á reikning SKLux S.A., 8. október 2008, hafi ákærði spurt meðákærða Magnús, nokkrum dögum síðar, hvert peningurinn hafi farið og meðákærði þá sagt að peningurinn hafi óvart farið inn á Marple Holding S.A. SPF. Hafi ákærði þá spurt meðákærða hvað Marple Holding S.A. SPF væri og meðákærði sagt að það væri félag sem ákærði ætti. Hafi ákærði spurt meðákærða af hverju hann hafi ekki heyrt af félaginu og meðákærði sagt að það væri vegna þess að meðákærði hafi verið að stýra og stjórna félaginu. Hafi ákærði spurt meðákærða hvað hann hafi verið að gera og meðákærði sagt að hann hafi verið að kaupa skuldabréf á Kaupþing banka hf. Hafi meðákærði um leið minnst á einhver hlutabréf og gjaldmiðlaskiptasamninga. Ákærði hafi lagt trúnað á framburð meðákærða. Meðákærði hafi á þessum tíma vitað fullvel að ákærði hafi verið að kaupa skuldabréf á Kaupþing banka hf., sem viðskiptastjórinn hafi haft með höndum, inn í félagið LMB, sem hafi verið í eigu ákærða. Það hafi ekki verið nein ástæða fyrir ákærða að kaupa skuldabréf á Kaupþing banka hf. á tveimur stöðum. Það merkilega hafi verið að Marple Holding S.A. SPF hafi verið að selja skuldabréf inn í LMB. Ekki hafi verið nein ábyrgð á þeim bréfum sem keypt hafi verið inn í LMB, en bréfin sem keypt hafi verið inn í Marple Holding S.A. SPF hafi verið á ábyrgð Kaupþings banka hf. Ef ákærði hafi átt það félag hafi hann ekki verið að taka neina áhættu þar sem hún hafi öll legið hjá Kaupþingi banka hf. Annað hafi gilt um LMB. Þrátt fyrir þetta hafi það aldrei verið neinn greiði af hálfu ákærða að taka yfir hlutabréfin í Exista hf. Hafi ákærði, ásamt meðákærða Magnúsi, farið á kynningu á sínum tíma þegar Exista hf. hafi verið kynnt til

sögunnar. Kvaðst ákærði hafa sagt við meðákærða á þeim tíma að hann myndi ekki fjárfesta í hlutabréfum í Exista hf. þar sem engin sérstök þekking væri til staðar í félaginu og það því ekki góður kostur til fjárfestinga. Hlutabréf Exista hf. væri ekki eign til að eiga. Ákærði þekkti einfaldlega ekki til þeirra viðskipta. Ákærði kvað framburð sinn hjá lögreglu um eignarhald sitt á Marple Holding S.A. SPF hafa einkennst af því að meðákærði Magnús hafi þá verið búinn að segja ákærða að ákærði ætti félagið. Þá hafi því verið stillt þannig upp við lögregluyfirheyrslur að ákærði ætti umrætt félag. Hafi svör hans endurspeglad það að hann hafi lagt trúnað á lögreglu.

A kvaðst á árunum 2007 og 2008 hafa starfað sem viðskiptastjóri á eignastýringasviði hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Hafi hann sem slíkur m.a. starfað fyrir ákærða Skúla. Í starfinu hafi falist ýmis samskipti við viðskiptavinum og almenn þjónusta. Ákærði hafi verið með nokkur félög í þjónustu í bankanum og mismunandi að hvaða marki viðskiptastjórinn hafi verið með umboð til að fjárfesta fyrir ákærða. Hafi ákærði Skúli almennt fylgst vel með fjárfestingum sem gerðar hafi verið fyrir hans hönd. Ákærði Magnús hafi komið talsvert að fjárfestingum ákærða Skúla, en engin formleg verkaskipting hafi verið á milli viðskiptastjórans og ákærða Magnúsar að því leyti. Viðskiptastjórinn kvaðst lítið hafa vitað um félagið Marple Holding S.A. SPF eða fjárfestingarstefnu þess. Ákærði Magnús hafi rætt um að ákærði Skúli hafi samþykkt að kaupa félagið tengt fjárfestingum með hlutabréf í Exista hf. Í því ljósi hafi viðskiptastjórinn talið Skúla vera endanlegan eiganda félagsins. Hafi ákærði Magnús rætt um að móðurfélagsábyrgð væri á félaginu. Ekki myndi viðskiptastjórinn þó eftir að hafa verið í sambandi við ákærða vegna félagsins, þó svo hann hafi verið skráður viðskiptastjóri fyrir félagið. Það hafi verið ákærði Magnús sem séð hafi um þetta félag. Kvaðst viðskiptastjórinn hafa séð um einhverjar millifærslur vegna viðskiptanna að beiðni yfirlögfræðings hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Hafi ákærði Magnús sagt að það væru væntanlegar greiðslur til félagsins vegna kaupanna. Viðskiptastjórinn hafi enga vitneskju haft um hvaðan peningarnir væru að koma. Að því er varðaði skuldabréfakaup Marple Holding S.A. SPF á Kaupþing banka hf. hafi ákærði Magnús einnig séð um þau viðskipti. Hafi viðskiptastjórinn ekkert þekkt til viðskiptanna. Við upphaf viðskipta félaga, eins og Marple Holding S.A. SPF, hafi opnunarskjöl verið undirrituð. Með þeim hafi bankanum verið settir að veði reikningar félagsins og um leið allar eignir þess.

Vitnið B kvaðst á árunum 2007 og 2008 hafa starfað sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupthing Luxembourg S.A. Hans næsti yfirmaður hafi verið ákærði Magnús. Félagið Marple Holding S.A. SPF hafi verið félag sem stofnað hafi verið í bankanum á sínum tíma. Hafi bankinn þannig verið

upphaflegur eigandi félagsins. Félagið hafi í upphafi verið notað vegna viðskipta með hlutabréf í Exista hf. Hafi ákærði Skúli orðið eigandi félagsins í framhaldi af þessum viðskiptum með hlutabréfin í Exista hf. B þekkti ekki þá forsögu og hvaða ástæður hafi legið að baki því að ákærði Skúli varð eigandi félagsins. Ákærði Magnús hafi tjáð B að ákærði Skúli væri eigandinn. Á síðari stigum hafi B séð í gögnum bankans í Lúxemborg um eignarhald ákærða Skúla á félaginu.

Misjafnt hafi verið hvernig viðskiptavinir hafi viljað haga skráðu eignarhaldi á félagi. Í sumum tilvikum hafi eigendur ekki viljað koma fram og samningur verið gerður við bankann um að bankinn yrði skráður eigandi, þó svo hinn endanlegi eigandi væri annar. Félagiformið hafi verið með ýmsu móti, en um hafi verið að ræða hlutafélagiform, einkahlutafélagiform, svonefnd „special purpose vehicle“ og síðan SPF félög, sem hafi verið tiltekið form af hlutafélagi og einkahlutafélagi, með takmarkaða starfsemi. Ekki myndi B eftir því að Kaupthing Luxembourg S.A. hafi verið eigandi slíkra félaga. B hafi ekki rætt viðskipti um kaup Marple Holding S.A. SPF á hlutabréfum í Exista hf. við ákærða Skúla. Komið hafi beiðni frá Kaupþingi banka hf. um að ganga frá þessum viðskiptum. Í þessum viðskiptum hafi Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. fengið greitt fyrir söluréttinn. B kvað Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. hafa nýtt sér sölurétt á hlutabréfunum í Exista hf. gagnvart Marple Holding S.A. SPF. Hafi Kaupthing Luxembourg S.A. ábyrgst söluréttarsamninginn gagnvart eignarhaldsfélaginu. Það hafi hugsanlega verið hluti af stærri viðskiptum. B kvaðst ekki þekkja til þess hvort sölurétturinn af hlutabréfunum í Exista hf. hafi verið yfirtekinn af Marple Holding S.A. SPF um leið og kauprétturinn hafi verið yfirtekinn eða síðar. Ákærði Magnús hafi verið í forsvari fyrir þessi viðskipti. Hlutverk B hafi verið að fylgja eftir viðskiptum sem búið hafi verið að ákveða.

Fyrrum innri endurskoðandi Kaupþings banka hf., kvaðst hafa tekið við starfi innri endurskoðanda í bankanum í október 2006. Kvaðst vitnið ekki kannast við valréttarsamning að baki greiðslu á liðlega 3 milljörðum króna frá Kaupþingi banka hf. til Kaupthing Luxembourg S.A. í desember 2007. Í skjali sem greiðslan sé reist á í bókhaldi Kaupþings banka hf. sé vísað í undirliggjandi samning. Sá samningur hafi átt að koma fram í kerfum bankans. Mikil leit hafi verið gerð að þessum samningi eftir að rannsókn málsins hófst bæði í tölvukerfum bankans og skjalasafni en hann hafi ekki fundist. Að því er varðar millifærslu á liðlega 3 milljörðum króna frá Kaupþingi banka hf. til Kaupthing Luxembourg S.A., í lok júní 2008, hafi ekkert fylgiskjal fundist í bankanum með færslunni. Viti vitnið ekki hvort gögn að baki þessari greiðslu, sem fundist hafi við húsleit í Kaupthing Luxembourg S.A., hafi komið úr tölvukerfum Kaupþings banka hf. Númer á samningi hefði átt að koma fram og finnast í kerfum bankans. Vitnið kvaðst ekki

hafa komið að þeim samningum sem ákært væri fyrir í málinu.

Fyrrum framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings banka hf. á Íslandi, sem var móðurfélag Kaupþings banka hf., bar að fjárstýring bankans hafi verið sett saman úr þremur deildum, þ.e. hinni eiginlegu fjárstýringu, afleiðuviðskiptum og eigin viðskiptum. Valréttarsamningar hafi einkum verið seldir í gegnum markaðsviðskipti innan bankans. Verð í þá hafi verið fengið hjá fjárstýringu. Valréttarsamningar við aðra banka hafi verið gerðir af fjárstýringu. Verðlagning á valréttarsamningum hafi verið nokkuð flókin, en stuðst hafi verið við tiltekna formúlu og samningar verðlagðir samkvæmt henni. Þar hafi skipt máli hvort um hafi verið að ræða hlutabréf eða eitthvað annað. Síðan fari eftir ákveðnum aðferðum hvernig bankinn verji sig gagnvart slíkum samningum, sé hann ekki með mótstöðu í einhverju öðru. Fjárstýring hafi átt að halda utan um alla samninga sem deildin gerði við bók markaðsviðskipta og annarra banka. Þessa samninga hafi átt að vista í deild afleiðuviðskipta innan fjárstýringar innan tiltekins tölvukerfis, sem notað hafi verið. Vitnið kvaðst ekki geta sagt til um hvar aðrir afleiðusamningar, sem gerðir hafi verið á öðrum stöðum innan bankans, ættu að liggja. Varðandi fylgiskjal í bókhaldi Kaupþings banka hf. er varðar millifærslu á liðlega 3 milljörðum króna út af reikningi bankans inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A., í desember 2007, sé vísað í undirliggjandi söluréttarsamning. Ef fjárstýring hefði átt að bera ábyrgð á þessum samningi hefði samningurinn átt að vera í kerfum fjárstýringar og verðlagning að vera í samræmi við formúlu. Verðlagningin hafi þá farið fram í upphafi samnings. Í þessu tilviki sé um að ræða 5% þóknun til bankans af lækkun hlutabréfanna, þ.e. 5% af hagnaði. Samningar hafi almennt ekki litið svona út. Um hafi verið að ræða valréttargreiðslu sem hafi verið markaðsvirði valréttarins en ekki kölluð þóknun. Ekki þekki vitnið til þess hvort fjárstýring hafi komið að því að verja þennan samning en það ætti ekki að vera flókið að sjá það út frá því hvort samningurinn hafi verið í bókum fjárstýringar. Flest af þessum toga hafi farið í gegnum fjárstýringu. Hagnaður hafi verið um 3 milljarðar króna og undirliggjandi fjárhæð mjög há. Allir valréttarsamningar í bókum fjárstýringar hafi verið varðir. Fjárstýring hafi ekki tekið opna stöðu á móti valréttarsamningum. Innan bankans hafi verið farið eftir verklagsreglum vegna afleiðuviðskipta.

Varðandi uppgjör og staðfestingar á tveimur framvirkum gjaldmiðlaskipta-samningum, sem fram komi í gögnum málsins, að baki millifærslu Kaupþings banka hf. til Kaupthing Luxembourg S.A. frá í júní 2008, að fjárhæð ríflega 3 milljarðar króna þá hafi almenna reglan verið sú að verð í slíka samninga hafi verið byggt á stundargengi dagsins sem samningurinn hafi verið gerður á og síðan vöxtum í hvorri mynt. Ef um væri að ræða aðra viðskiptavini en banka hefði því hagað þannig til að markaðsviðskipti hafi fengið verð frá fjárstýringu, tækju litla

þóknun fyrir og seldu síðan samninginn áfram. Grunnverðið mætti þá rekja til fjárstýringar. Ef um væri að ræða samning milli banka hefði fjárstýring verið beinn aðili. Varðandi þann samning sem um ræði, ef hann hefði verið á milli Kaupþings banka hf. og Kaupthing Luxembourg S.A. hefði samningurinn líklega verið á milli fjárstýringa þeirra banka. Að öðrum kosti hefði samningurinn verið milli markaðsviðskipta og viðskiptavinarins. Vitnið kvaðst þó ekki þekkja það til hlítar hvort markaðsviðskipti hefðu aldrei gert slíkan samning við Kaupthing Luxembourg S.A. í ljósi þess að sá banki hefði verið banki innan samstæðunnar. Öll staða Kaupþings banka hf., í framvirkum samningum, hefði að minnsta kosti átt að koma fram í gjaldeyrisjöfnuði fjárstýringar. Þau tölvukerfi sem samningarnir hefðu átt að koma fram í hafi borið nöfnin Infinity og Calypso. Varðandi verklagsreglur Kaupþings banka hf. vegna afleiðuviðskipta þá hefðu þeir verklagsferlar verið lagðir til grundvallar varðandi framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga að því er varðaði fjárstýringu og markaðsviðskipti. Hefði bankinn almennt varið áhættu af slíkum viðskiptum. Varðandi reglubók Kaupþings banka hf., þar sem fram kæmi að mótaðili í framvirkum gjaldmiðlaviðskiptum hefði þurft að leggja fram tryggingar sem numið hefðu 8% af höfuðstól eða grundvallarfjárhæð samningsins, þá hafi það verið þannig að ef samningar hefðu verið á milli banka hefði öðru vísi tryggingasamningar verið á milli eða daglegar tryggingar. Annað hefði gilt á milli bankans og annars viðskiptavinar en banka. Vitnið kvaðst ekki hafa komið að þeim samningum sem gerðir hafi verið og tengdust ákæru málsins.

Fyrrum forstöðumaður eigin viðskipta Kaupþings banka hf., kvað eigin viðskipti að einhverju leyti hafa komið að hlutabréfavalréttum innan bankans. Deildin hefði að mestu verið í hlutabréfavalréttum sem hafi verið skráðir á markaði. Óskráðir hlutabréfavalréttir hafi verið í annarri deild í fjárstýringu. Ef um hefði verið að ræða samninga sem bankinn gerði sjálfur hefði það getað farið í gegnum eigin viðskipti eða fjárstýringu hvernig bankinn myndi verja sig í slíkum tilvikum. Slíkir samningar hefðu oftari farið í gegnum afleiðudeild fjárstýringar. Varðandi hagnað að fjárhæð ríflega 3 milljarðar króna til félagsins Marple Holding S.A. SPF, samkvæmt söluréttarsamningi með undirliggjandi 11 milljónir hluta af hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. að verðmæti 12,9 milljarðar króna, þá hefðu slík viðskipti almennt verið í afleiðudeild fjárstýringar. Slíkt verðmæti hefðu verið nokkuð mikil miðað við almennt séð. Slíkur valréttarsamningur hefði verið talinn nokkuð stór á sínum tíma.

Fyrrum forstöðumaður á millibankaborði innan fjárstýringar Kaupþings banka hf. staðfesti að hafa fengið afrit af tölvupósti frá ákærðu Guðnýju Örnú til starfsmanns bankans með greiðslufyrirmælum 19. desember 2007 um millifærslu

ríflega 3ja milljarða króna frá Kaupþingi banka hf. inn á vörslureikning Kaupthing Luxembourg S.A. í Kaupþingi banka hf. Eðlilegt hefði verið að senda vitninu afrit af millifærslunni þar sem hann hafi verið forstöðumaður á millibankaborði og þurft að vita um stórar millifærslur innan bankans til að viðhalda rétttri stöðu á bankareikningi Kaupþings banka hf. Vitnið kvaðst hafa komið að sumum gjaldmiðlaskiptasamningum hjá bankanum, ef þeir voru á milli banka, en deildin hafi haldið utan um áhættu bankans með framvirka afleiðusamninga. Haldið hafi verið utan um það í tölvukerfi sem hafi heitið Calypso og Infinity. Hafi samningar verið settir inn í kerfið til að halda utan um þá. Samningar í gögnum málsins um uppgjör á framvirkum gjaldmiðlaskiptasamningum varðandi millifærslu í lok júní 2008 til Kaupthing Luxembourg S.A. hafi verið í samræmi við þau form sem notuð hafi verið innan bankans. Þetta form væri þó frábrugðið að því leyti að númer úr kerfi vanti, en númer hafi verið á þeim samningum sem verið hafi inni í Calypso eða Infinity. Fjárstýring hafi almennt séð um að reikna upp verð í samningum og fá framvirka punkta. Áhættustýring hafi einnig reiknað út verðmæti samninga eftirá. Einnig hafi miðlunarborð notað verð frá fjárstýringu til að fá verð „í viðskiptavin“. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að ákærði Hreiðar Már hefði sjálfur gert framvirka gjaldmiðlaskiptasamninga. Upplýsingar úr slíkum samningi hafi þó að lokum þurft að skila sér til fjárstýringar.

Fyrrum forstöðumaður afleiðuviðskipta Kaupþings banka hf., lýsti því að ef viðskiptavinur hafi viljað kaupa valrétt hjá Kaupþingi banka hf. hafi það venjulega farið í gegnum gjaldeyris- og afleiðumiðlun sem hefði verið í sambandi við afleiðuviðskipti, deild vitnisins. Deildin hefði reiknað út verðmæti valréttarins eftir sínum reglum og gjaldeyrismiðlun fengið það verð og komið því áfram til viðskiptavinarins. Samningur um valrétt, eins og sá sem greitt hafi verið samkvæmt, við millifærslu til Kaupthing Luxembourg S.A. 19. desember 2007, hafi átt að koma fram í kerfum bankans. Ef um hefði verið að ræða önnur hlutabréf en í Kaupþingi banka hf. hefði bankinn átt að verja sig, en eigin bréf hefðu áhrif á eiginfjárstöðu bankans og væri því hugsanlegt að bankinn hefði í því ljósi þurft að verja sig. Varðandi verðlagningu þessara samninga hjá bankanum þá hefði það farið eftir tímalengd, undirliggjandi flökti, verði á markaði og vaxtamun. Verðlagningin hefði þó ekki verið alveg föst í hendi á valréttarsamningum, þar sem þáttur eins og flökt á markaði væri liður sem væri metinn. Það hefði verið hlutverk afleiðuviðskipta að meta flökt. Varðandi verklagsferla vegna gjaldeyrisvalréttta þá hafi verðlagning á valréttum vegna hlutabréfa verið komin inn í eigin viðskipti.

Fyrrum framkvæmdastjóri fjármálasviðs Kaupþings banka hf., kvaðst hafa séð um bókhald Kaupþings banka hf. og dótturfélaga. Hafi vitnið sett saman samstæðureikninga fyrir samstæðuna. Fylgiskjal í bókhaldi vegna millifærslu

liðlega 3ja milljarða króna af reikningi Kaupþings banka hf. inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. í bankanum í desember 2007 hefði vísað til valréttarsamnings. Slíkur samningur hefði átt að vera í kerfum bankans.

Vitnið C kvaðst hafa starfað á lögfræðisviði Kaupthing Luxembourg S.A. á árunum 2007 og 2008. Yfirmaður lögfræðisviðs bankans hefði verið næsti yfirmaður hans. Vitnið kvaðst hafa setið í svonefndum stjórnunarfélögum á þessum tíma. Bankinn hafi boðið viðskiptavinum sínum heildarþjónustu. Í því hafi falist ýmiskonar umsýsla fyrir viðskiptavinum, stofnun félaga, sæti í stjórnnum félaga, o.s.frv. Í þessum tilvikum hafi lögfræðisvið bankans haft með höndum alla pappírsvinnu varðandi stofnunina og framhaldið. Ákveðið hafi verið innan bankans að skipta út einstaklingum í stjórnnum félaga og setja félög í staðinn sem stjórnendur. Hafi þetta verið gert til að einfalda allt utanumhald. Byggt hafi verið á samningi við eiganda hverju sinni hvernig einstaka félagi yrði stýrt. Þannig hafi eigendur þurft að samþykkja ákvarðanir varðandi fjárfestingar og rekstur áður en þær yrðu teknar og hafi frumkvæði að starfsemi ekki komið frá þessum stjórnunarfélögum. Að því er varðaði félagið Marple Holding S.A. SPF kvaðst vitnið á sínum tíma ekki hafa vitað hver hafi verið hinn raunverulegi eigandi félagsins.

Vitnið D kvaðst hafa starfað í Kaupthing Luxembourg S.A. á árunum 2007 og 2008. Á þeim tíma hafi vitnið m.a. setið í stjórnnum svonefndra stjórnunarfélaga. Ekki myndi vitnið sérstaklega eftir því að hafa hitt ákærða Skúla vegna málefna félaga ákærða, en það gæti þó hugsanlega verið í tengslum við öflun undirskrifta á stjórnarfundum. Ekki myndi vitnið sérstaklega eftir félaginu Marple Holding S.A. SPF eða störfum fyrir það félag. Myndi vitnið því ekki sérstaklega eftir undirritunum fyrir hönd þess félags.

Vitnið E kvaðst hafa starfað sem yfirmaður lánadeildar Kaupthing Luxembourg S.A. Yfirmaður hans hafi verið ákærði Magnús Guðmundsson og vitnið setið í stjórn lánanefndar bankans ásamt ákærðu Magnúsi og Hreiðari Má og F. Félagið Marple Holding S.A. SPF hafi verið í eigu ákærða Skúla Þorvaldssonar. Ákærði Magnús og viðskiptastjóri hjá Kaupthing Luxembourg S.A. hafi hins vegar stýrt félaginu. Ekki þekkti hann hvort hinn raunverulegi eigandi hafi verið mikið í sambandi við ákærða Magnús eða viðskiptastjórnann varðandi daglega stjórnun. Vitnið hafi haft aðgang að kerfum bankans og getað séð fjárhagsstöðu félaga en hlutverk lánadeilda bankans hafi m.a. verið að fylgjast með slíkri stöðu.

Fyrrum framkvæmdastjóri útlána Kaupþings banka hf. kvaðst hafa setið á fundum lánanefndar stjórnar bankans frá því um mitt ár 2007 og kynnt ýmis lánamál. Málefni félaga ákærða Skúla Þorvaldssonar hafi ekki verið mikið inni á borði lánanefndar þar sem ákærði hafi átt sín viðskipti við Kaupthing Luxembourg

S.A. Á einhverjum tímapunkti hafi vitninu verið tjáð að félagið Marple Holding S.A. SPF væri ekki í eigu ákærða Skúla. Upplýsingar um það hafi sennilega komið frá ákærða Magnúsi, en vitnið hafi átt mest samskipti við hann af starfsmönnum Kaupthing Luxembourg S.A.

Vitnið G kvaðst hafa starfað sem framkvæmdastjóri áhættustýringar Kaupþings banka hf. á árunum, 1998 til 2008. Hafi m.a. verið í verkahring vitnisins að halda utan um og uppfæra handbók bankans um útlánaáhættu tengda afleiðum. Handbókin hafi varðað heimildir einstakra starfsmanna til viðskipta í ljósi áhættu bankans. Í þessum tilvikum væri almennt um það að ræða að stofnað væri til nýrrar áhættu fyrir bankann. Kvaðst vitnið telja að ekki hafi verið nauðsynlegt að fá aðkomu afleiðudeildar þegar forstjóri bankans hafi gert valréttarsamninga eða gjaldmiðlaskiptasamninga. Ekki hafi öll viðskipti farið í gegnum afleiðudeildina. Hafi þar t.d. verið um að ræða stærri viðskipti sem tengst hafi öðrum viðskiptum er forstjóri bankans hafi haft með höndum. Í þessum tilvikum hafi jafnan ekki verið um nýja áhættu að ræða fyrir bankann. Slík viðskipti hafi tengst svokölluðu yfirstjórnarsafni bankans. Eins hafi það komið fyrir að afleiðusamningar er forstjóri hafi haft með höndum hafi ekki farið inn tölvukerfi bankans sem hafi borið heitin Calypso og Infinity. Þrátt fyrir þetta hafi tekist að verja heildarstöðu bankans.

Lögmaður kvaðst á árinu 2006 hafa komið að gerð kaup- og söluréttarsamninga vegna Exista hf. Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. hafi í viðskiptum með hlutabréf í Exista hf. gert kröfu um að vera tryggður söluréttur á hlutabréfum í félaginu. Í tengslum við það hafi legið fyrir ábyrgð af hálfu Kaupþings banka hf. varðandi efndir á söluréttinum. Ekki hafi verið gerðar athugasemdir við af hálfu Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. að félagið Marple Holding S.A. SPF tæki yfir söluréttinn í stað Bakkabræðra Holding.

Vitnið H kvaðst, ásamt bróður sínum, hafa verið eigandi að félaginu Bakkabræðrum ehf. Hafi Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. átt sölurétt á hlutabréfum í Exista hf. á félagið. Gengið hafi verið frá kauprétti á bréfunum á óstofnað félag á vegum þeirra bræðra. Hafi Kaupþing banki hf. ábyrgst efndir á söluréttarsamningnum með hlutabréfin í Exista hf. Ábyrgð bankans hafi verið forsenda í viðskiptunum. Síðan hafi verið ákveðið að leysa upp svonefnt krosseignarhald á milli bankans og Exista hf. Í því skyni hafi á árinu 2007 félagið Marple Holding S.A. SPF keypt hlutabréfin í Exista hf., í stað félagsins Bakkabræðra ehf. Hafi félagið á sama tíma yfirtekið bæði kaupréttinn og söluréttinn. Tilgangur með viðskiptunum hafi verið að minnka áhættu af hlutabréfum í Exista hf. og Kaupþingi banka hf. Kaupþing banki hf. hafi áfram ábyrgst samninga. Ekki kvaðst vitnið þekkja hvort Marple Holding S.A. SPF hafi greitt fyrir þá ábyrgð. Það hafi verið hagsmunir fölgirnir í því fyrir Kaupþing banka

hf. að leysa upp nefnt krosseignarhald á hlutabréfum.

Fyrir dóminn komu fyrrum starfsmenn Kaupþings banka hf., af fjármálasviði, bakvinnsludeild fjárstýringar og kostnaðarbókhaldi og síðan fyrrum starfsmann Arion verðbréfavörslu. Ekki er ástæða til að rekja framburði þessara vitna, sem samkvæmt fyrirmælum yfirmanna sinna önnuðust framkvæmd millifærslna samkvæmt I. og II. kafla ákæru. Öll þessi vitni kváðust ekki muna sérstaklega eftir millifærslunum.

Starfsmenn slitastjórnar Kaupþings hf. komu fyrir dóminn og staðfestu að þeir hefðu framkvæmt leit í gagnagrunnum og fjármálakerfum Kaupþings banka hf. að tveimur framvirkum gjaldmiðlaskiptasamningum og einum söluréttarsamningi um hlutabréf í Kaupþingi banka hf. Engir slíkir samningar hafi fundist í viðskiptakerfunum.

Fyrir dóminn kom fyrrum lögreglumaður hjá embætti sérstaks saksóknara. Gerði vitnið grein fyrir framkvæmd símhlustana á starfstíma vitnisins hjá embætti sérstaks saksóknara. Þá komu fyrir dóminn tveir aðrir lögreglumenn og gerðu grein fyrir einstökum þáttum í rannsókn málsins, þ. á m. varðandi símhlustanir lögreglu.

VI

Niðurstaða

a

Ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnú er í I. og II. kafla ákæru aðallega gefið að sök fjárdráttur, en til vara umboðssvik, vegna millifærslu fjármuna í desember 2007 og júní 2008 frá Kaupþingi banka hf., inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A., og þaðan áfram inn á reikning félagsins Marple Holding S.A. SPF. Ákærða Magnúsi er aðallega gefið að sök hlutdeild í fjárdrætti meðákærðu, en til vara hlutdeild í umboðssvikum meðákærðu. Til þrautavara er ákærða Magnúsi gefið að sök hylming. Ákærða Skúla er, sem eiganda Marple Holding S.A. SPF, aðallega gefið að sök hylming en til vara peningaþvætti, vegna ofangreindra millifærslna.

Þá er ákærðu Hreiðari Má og Guðnýju Örnú í III. kafla ákæru gefið að sök umboðssvik með því að láta Kaupþing banka hf. kaupa skuldabréf útgefin af bankanum á nafnverði bréfanna af Marple Holding S.A. SPF, en skuldabréfin hafði félagið keypt af Kaupthing Luxembourg S.A. skömmu áður á mun lægra verði. Ákærða Magnúsi er aðallega gefið að sök hlutdeild í umboðssvikum meðákærðu að því er þessi viðskipti varðar en til vara hylming og þrautavara peningaþvætti. Ákærða Skúla er í þessum þætti, aðallega gefið að sök hylming en til vara peningaþvætti.

b

Ákærðu neita öll sök. Ákærði Hreiðar Már krefst sýknu. Ákærði Magnús krefst þess að málinu verði vísað frá dómi, ellegar að hann verði sýknaður. Ákærða Guðný Arna krefst sýknu. Loks krefst ákærði Skúli þess að málinu verði vísað frá dómi, ellegar að hann verði sýknaður. Úr frávísunarkröfum var leyst á fyrri stigum undir rekstri málsins, enda ber að leysa úr kröfum um frávísun máls áður en til efnismeðferðar málsins kemur, sbr. 2. mgr. 159. gr. laga nr. 88/2008. Ákærðu Magnús og Skúli setja á ný fram frávísunarkröfur í greinargerðum til dómsins, sem krafa er gerð um að leyst verði úr samhliða efnisúrlausn málsins. Á sama hátt setur hið ákærða félag fram frávísunarkröfu í greinargerð, sem krafa er gerð um að leyst verði úr samhliða efnisúrlausn. Eins og hér háttar til er heimilt að leysa úr kröfum um frávísun málsins í efnisdómi.

Krafa ákærða Magnúsar um frávísun byggir á því að saksækja hafi átt ákærða í einu lagi í öllum þeim málum sem til meðferðar séu á hendur honum. Annað sé brot á 1. mgr. 143. gr. laga nr. 88/2008. Þá sé lýsing á hinum refsiverða verknaði og heimfærslu til refsíákvæða vanreifuð. Loks séu alvarlegir annmarkar á rannsókn málsins. Að því er þessar frávísunarkröfur ákærða varðar er til þess að líta að í úrskurði dómsins frá 16. desember 2014 var komist að þeirri niðurstöðu að ákæra í málinu væri ekki vanreifuð og að málinu yrði ekki vísað frá dómi á þeim grundvelli. Með vísan til þeirra röksemda sem þar koma fram verður kröfu um frávísun á þessum grundvelli hafnað. Að því er varðar frávísun byggða á þeim grunni að saksækja hafi átt ákærða í einu lagi í öllum málum sem til meðferðar hafi verið hjá embætti sérstaks saksóknara er til þess að líta að embætti sérstaks saksóknara hafði frá því embættið var sett á laggirnar með lögum nr. 135/2008, sem gildi tóku 12. desember 2008, haft til meðferðar viðamiklar rannsóknir vegna gruns um refsiverða háttsemi einstaklinga og lögaðila, þar á meðal ákærða, tengdar lánveitingum og öðrum fjármálagerningum sem tengjast efnahagshruninu í október 2008. Þó svo almennt skuli tryggja að öllum málum á hendur sakborningi sé lokið í einu lagi, sbr. 1. mgr. 143. gr. laga nr. 88/2008, er til þess að líta að sú regla sætir takmörkunum, ekki síst með tilliti til hagsmuna sakbornings á þeim grunni að málum gegn honum verði lokið innan hæfilegs tíma. Getur þessi málsgrundvöllur ákærða ekki leitt til frávísunar málsins á hendur honum. Þeir annmarkar á rannsókn málsins er ákærði byggir frávísun á eru ekki þess eðlis að leiði til frávísunar málsins frá dómi.

Krafa ákærða Skúla um frávísun byggir í fyrsta lagi á því að refsilögsaga íslenska ríkisins nái ekki til ákærða, en ákærði sé búsettur í Lúxemborg og hafi verið búsettur þar frá því um miðjan síðasta áratug og verið með lögheimili þar í landi allt frá árinu 2007. Í annan stað hafi ákærði ekki verið lögmaður eigandi

félagsins Marple Holding S.A. SPF. Það eigi að leiða til frávísunar málsins að því er ákærða varðar. Þá eru í greinargerð ákærða tíundaðar aðrar forsendur fyrir frávísun málsins byggðar á því að ákærði hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar undir rannsókn og meðförum málsins. Undir meðförum málsins hafði ákærði uppi kröfu um frávísun byggða á því að ákærði hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Hafi grundvallarmannréttindi hans ekki verið virt með því að hann hafi notið réttarstöðu vitnis til ársins 2011. Í úrskurði dómsins frá 16. desember 2014 var ekki fallist á þessar frávísunarkröfur ákærða eða frávísunarkröfu byggða á vanreifun. Með vísan til þeirra röksemda dómsins sem þar koma fram verður frávísunarkröfum á þessum grundvelli hafnað. Að því er varðar kröfu um frávísun byggða á því að íslensk refsilögsaga taki ekki til ákærða er til þess að líta að samkvæmt 1. tl. 4. gr. laga nr. 19/1940 skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir brot framin innan íslenska ríkisins. Ákæruefni í máli þessu miða við að frumbrot samkvæmt ákæru hafi verið framið hér á landi. Afleiðingar brotanna hafi komið fram í Lúxemborg á þann hátt að félagið Marple Holding S.A. SPF hafi auðgast með ólögætum hætti vegna hinnar saknæmu háttsemi ákærðu, sbr. 7. gr. laga nr. 19/1940. Samkvæmt 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1940 skal refsað eftir íslenskum hegningarlögum fyrir verknað sem íslenskir ríkisborgarar eða menn búsettir á Íslandi hafa framið erlendis ef brot er framið á stað sem refsivald annars ríkis nær til að þjóðarétti og var þá jafnframt refsivert eftir lögum þess. Á þessum forsendum nær íslensk refsilögsaga til ætlaðra refsiverðra brota ákærða í málinu. Sætir málið ekki frávísun gagnvart ákærða Skúla á þessum grundvelli og er kröfum ákærða þar að lútandi hafnað. Úr kröfum reistum á því að ákærði hafi ekki verið eigandi að Marple Holding S.A. SPF verður leyst hér á eftir undir efnisúrlausn málsins þar sem ágreiningur um þetta atriði varðar efnishlið málsins en ekki formhlið.

c

Að því er sýknukröfur varðar byggja varnir ákærðu Hreiðars Más og Magnúsar einkum á því að fjármunayfírfærslur samkvæmt öllum köflum ákæru megi rekja til lögmætra viðskiptagerninga. Lýsa þeir því báðir að upphaf viðskipta Marple Holding S.A. SPF með hlutabréf í Exista á árinu 2007 megi rekja til þess að stjórnendur Kaupþings banka hf. og Exista hf. hafi ákveðið að skera á svonefnt krosseignarhald á milli þessara félaga. Ákærði Hreiðar Már lýsir því að Kaupþing banki hf. hafi átt hlutabréf í Exista hf. á sama tíma og Exista hf. hafi átt umtalsverðan eignarhlut í bankanum. Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. hafi verið einn stærsti hluthafi í VÍS hf. Við yfirtöku Exista hf. á hlutabréfum í VÍS hf. hafi komið fram krafa frá eignarhaldsfélaginu að félaginu yrði tryggð sala á hlutabréfum

í Exista hf. Í framhaldi hafi verið ákveðið að búa til kaup- og söluréttarsamninga á milli eignarhaldsfélagsins og óstofnaðs hlutafélags og Bakkabræðra Holding. Hafi Kaupþing banki hf. ábyrgst efndir á söluréttarsamningnum gagnvart eignarhaldsfélaginu. Ákærði Hreiðar Már lýsti því að samningar hafi tekist um þessi viðskipti við Marple Holding S.A. SPF sem ákærða hafi skilist að væri í eigu ákærða Skúla. Ákærði Magnús bar að ákærði Hreiðar Már hafi spurt sig hvort ákærði teldi að ákærði Skúli myndi vilja taka yfir kauprétt að hlutabréfum í Exista hf. og um leið sölurétt á bréfunum. Hafi ákærði Skúli samþykkt áformin og lögfræðisvið Kaupthing Luxembourg S.A. gengið frá nauðsynlegum skjölum varðandi viðskiptin.

Ákærðu Hreiðar Már og Magnús byggja varnir sínar á því að Kaupþing banki hf. hafi verið að verja hagsmuni sína þar sem bankinn hafi gengist í ábyrgð á skuldbindingum Marple Holding S.A. SPF. Í desember 2007 hafi ákærðu haft áhyggjur af stöðu Marple Holding S.A. SPF eftir að gengi hlutabréfa í Exista hf. hafi lækkað. Sem lánveitandi hafi Kaupþing banki hf. verið óvarinn ef lökkun hlutabréfa í Exista hf. héldi áfram. Söluréttarsamningur hafi verið útbúinn í október 2007 þar sem Marple Holding S.A. SPF hafi getað tryggt sig fyrir lökkun hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. Fjármunayfirlæsingin 19. desember 2007 hafi komið til vegna þessa og bankinn um leið leitast við að minnka áhættu sína af lánveitingum til Marple Holding S.A. SPF. Á fyrri árshelmingi 2008 hafi verið hlutabréfa Exista hf. haldið áfram að lækka og aftur verið gripið til ráðstafana til að minnka áhættu Kaupþings banka hf. Í þeim tilgangi hafi meðal annars verið gripið til þess ráðs að gera gjaldmiðlaskiptasamning á milli Marple Holding S.A. SPF og Kaupþings banka hf. Fjármunayfirlæsingin 30. júní 2008 tengist því. Eins hafi verið ákveðið að Kaupþing banki hf. myndi kaupa skuldabréf útgefin af Kaupþingi banka hf. af Marple Holding S.A. SPF, fyrir gjalddaga bréfanna, og nota andvirðið til að greiða inn á skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupthing Luxembourg S.A. Félagið Marple Holding S.A. SPF hafi verið komið á forræði bankans og bankinn átt veð í öllum eignum félagsins. Hafi eigendur þess ekki getað ráðstafað fjármunum út úr félaginu og bankinn, með fjármunayfirlæsingunum, verið að rétta af stöðu þess gagnvart Kaupþingi þar sem fjármunirnir hafi runnið til Kaupþingssamstæðunnar.

Varnir ákærðu byggja einnig á því að þeir hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar í skilningi stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu. Embætti sérstaks saksóknara hafi ekki rannsakað málið hlutlægt, beitt hafi verið ólöglegum símhlustunum, brotið hafi verið gegn rétti ákærðu til aðgangs að gögnum málsins og að reka hafi átt öll mál á hendur ákærðu í einu lagi. Að því er þessar varnir ákærðu varðar er til þess að líta að úr nánast öllum þessum atriðum var leyst í dómi

Hæstaréttar í máli nr. 145/2014. Í dómi Hæstaréttar í því máli var komist að þeirri niðurstöðu að varnir á þessum grundvelli leiddu ekki til frávísunar eða sýknu.

Varnir ákærðu Guðnýjar Örnú byggja einkum á því að hún hafi mælt fyrir um millifærslur fjármuna, samkvæmt ákæru, til undirmanna sinna eftir að hafa fengið fyrirmæli þar að lútandi frá ákærða Hreiðari Má. Hafi hún enga ástæðu eða forsendu haft til að ætla annað en að lögmætar viðskiptalegar forsendur hafi búið að baki millifærslunum. Hún hafi ekkert þekkt til félagsins Marple Holding S.A. SPF eða verið þess meðvituð að fjármunir samkvæmt ákæru hafi runnið til félagsins.

Loks byggja efnisvarnir ákærða Skúla einkum á því að hann hafi ekki verið eigandi félagsins Marple Holding S.A. SPF. Hafi hann ekkert þekkt til viðskipta félagsins eða komið að þeim á nokkurn hátt.

d

Í málinu er ekki deilt um að millifærslur fjármuna samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru hafi átt sér stað heldur er, eins og áður greinir, uppi ágreiningur um hvort lögmæt viðskipti eða samningar hafi legið að baki millifærslunum. Að því er I. kafla ákæru varðar fannst við leit í bókhaldi Kaupþings banka hf., undir rannsókn málsins, fylgiskjal sem ber með sér að millifærsla að fjárhæð 3.016.750.000 krónur, 19. desember 2007, sé vegna valréttarsamnings um sölu á hlutabréfum í Kaupþing banka hf. Enginn valréttarsamningur eða önnur gögn að baki þessari millifærslu hafa fundist í bankanum eða hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Ákærðu Hreiðar Már og Magnús staðhæfa þrátt fyrir það að þeir hafi gert slíkan samning á milli Kaupþings banka hf. og Marple Holding S.A. SPF. Kveðst ákærða Guðný Arna hafa séð slíkan samning á skrifborði ákærða Hreiðars Mús þegar hann hafi lagt fyrir hana að millifæra þessa fjárhæð inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. Í samræmi við fyrirmælin hafi hún búið til skjalið sem fundist hafi í bókhaldi Kaupþings banka hf. Samkvæmt gögnum málsins var skjal þetta stofnað í tölvu ákærðu Guðnýjar Örnú, 12. janúar 2008. Að því er II. kafla ákæru varðar fundust engin gögn í bókhaldi Kaupþings banka hf. að baki millifærslu að fjárhæð 3.080.250.000 krónur, 30. júní 2008. Gögn að baki millifærslunni fundust hins vegar undir rannsókn málsins við húsleit yfirvalda í Lúxemborg. Ákærðu Hreiðar Már og Magnús halda því fram að þeir hafi gert þann samning og kveðst ákærða Guðný Arna hafa vottað bæði uppgjör vegna samninganna sem og tvo samninga sem gerðir hafi verið og varða færsluna.

Tölvupóstssamskipti frá í júní og júlí 2007, á milli starfsmanna Kaupthing Luxembourg S.A. annars vegar og á milli starfsmanna bankans við einstaklinga utan bankans hins vegar, varpa nokkru ljósi á þann framburð ákærðu að kaup Marple Holding S.A. SPF á hlutabréfum í Exista hf. á árinu 2007 megi rekja til

Þess að kaup- og söluréttarsamningar á milli Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. og félagsins Bakkabræður Holding hafi verið virkjaðir. Í bókhaldi eða tölvukerfum Kaupþings banka hf., Kaupthing Luxembourg S.A. eða Marple Holding S.A. SPF hafa hins vegar ekki fundist undirritaðar ábyrgðir Kaupþings banka hf., þar sem bankinn ábyrgist greiðslu á kaupverði hlutabréfanna til Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. að því er félagið Bakkabræður Holding varðar eða félagið Marple Holding S.A. SPF. Fyrirsvarsmenn Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. eða Bakkabræður Holding hafa heldur ekki leitt tilvist slíkrar undirritaðrar ábyrgðar í ljós, að öðru leyti en því að fyrirsvarsmáður félagsins Bakkabræður Holding fullyrti fyrir dóminum að slík ábyrgð hafi verið til staðar. Það sama staðhæfði lögmaður, er gætti hagsmuna Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. við gerð kaup- og söluréttarsamninganna.

Að mati dómsins verður að telja að slík ábyrgð hafi átt að koma fram í bókum bankanna eða félaganna, hafi slíkri ábyrgð á annað borð verið til að dreifa. Óumdeilt er hins vegar að félagið Marple Holding S.A. SPF keypti hlutabréf í Exista hf. í júlí og desember 2007, fyrir umtalsverðar fjárhæðir, svo sem síðar verður rakið. Þá liggur fyrir að heildartap Marple Holding S.A. SPF vegna viðskipta með hlutabréf í Exista hf. nam um 3 milljörðum króna þegar um miðjan desember 2007.

Yfirlit yfir fjárvörslureikning nr. 400637 í eigu félagsins Marple Holding S.A. SPF í Kaupthing Luxembourg S.A. liggur fyrir í gögnum málsins. Sýnir yfirlitið að Marple Holding S.A. SPF greiddi Eignarhaldsfélaginu Hesteyri ehf. 5,5 milljarða króna fyrir hlutabréf í Exista hf. 18. júlí 2007. Tölvupóstssamskipti á milli yfirlögfræðings Kaupthing Luxembourg S.A. og viðskiptastjóra bankans 20. júlí 2007 og samskipti bankans við lögmannsstofu vegna þeirra, varða þessa greiðslu. Þennan dag sendi yfirlögfræðingurinn tölvupóst á netfang hjá Exista hf. þess efnis að hlutabréfin væru móttekin og að greitt hafi verið fyrir þau. Í desember 2007 nýtti Eignarhaldsfélagið Hesteyri ehf. sölurétt á hlutabréfum í Exista hf., en 21. desember 2007 voru 5,9 milljarðar króna færðar af nefndum reikningi Marple Holding S.A. SPF inn á reikning eignarhaldsfélagsins vegna kaupa á bréfunum. Tölvupóstssamskipti á milli yfirlögfræðings Kaupthing Luxembourg S.A. og ákærðu, Hreiðars Más og Magnúsar 19. desember 2007, varða þessi viðskipti, sem og tölvupóstur viðskiptastjóra Kaupthing Luxembourg S.A. frá 21. desember 2007 um að millifæra skuli tæplega 6 milljarða króna inn á reikning Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. út af reikningi Marple Holding S.A. SPF í bankanum.

Að því er félagið Marple Holding S.A. SPF varðar liggur, eins og áður greinir, fyrir framburður ákærðu Hreiðars Más og Magnúsar um að þeir hafi talið að ákærði Skúli hefði samþykkt er fært hafi verið í tal við hann að taka yfir kaup-

og sölurétt á hlutabréfunum í Exista hf. í gegnum félagið Marple Holding S.A. SPF. Á meðal gagna málsins eru stofnskjöl fyrir félagið. Rannsókn málsins leiddi í ljós tölvupóstssamskipti á milli starfsmanna Kaupthing Luxembourg S.A. og ákærða Skúla, 21. júní 2007, um stofnskjölin, en það er á sama tíma og kaup- og söluréttarsamningar voru gerðir á milli félagsins og Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. Hefur ákærði Skúli fyrir dóminum staðfest að undirritanir ákærða séu undir þessi stofnskjöl Marple Holding S.A. SPF. Þá er til þess að líta að nokkrar lánabeiðnir voru til afgreiðslu innan Kaupthing Luxembourg S.A. á árinu 2007 varðandi ákærða Skúla og félög í hans eigu. Í yfirlitum sem fylgdu lánabeiðnum innan bankans er félögum ákærða gerð skil og félagsins Marple Holding S.A. SPF jafnan getið þar á meðal. Er gerð grein fyrir eignum félagsins og skuldum. Loks er til þess að líta að föstudaginn 4. júlí 2008 sendi viðskiptastjóri Kaupthing Luxembourg S.A. tölvupóst á ákærða Magnús þar sem viðskiptastjórinn lýsir því að starfsfólk í lánadeild bankans sé að „elta“ viðskiptastjórann í þeim tilgangi að fá ákærða Skúla til að skrifa undir tryggingar varðandi Marple Holding S.A. SPF í öðrum eignum hans. Spyr viðskiptastjórinn hvort ákærði Magnús sé sáttur við að viðskiptastjórinn biðji ákærða Skúla um þetta. Að endingu er til þess að líta að fyrrum yfirlögfræðingur Kaupthing Luxembourg S.A. bar fyrir dóminum að bankinn hafi stofnað félög fyrir viðskiptavini og með ýmsum hætti verið hagað skráningu félaganna, en bankinn hafi þjónustað viðskiptavini sína með þessum hætti. Yfirmaður lánadeildar Kaupthing Luxembourg S.A. fullyrta að ákærði Skúli hafi átt félagið Marple Holding S.A. SPF og ákærði Magnús og viðskiptastjóri stjórnað félaginu fyrir hans hönd. Þegar öll þessi atriði eru virt og þá sér í lagi hin skjallegu gögn er ótvírætt þykja benda til þess að félagið Marple Holding S.A. SPF hafi verið skráð eign ákærða Skúla er að mati dómsins ekki trúverðug sú staðhæfing ákærða Skúla að hann hafi ekki talið sig vera eiganda að félaginu Marple Holding S.A. SPF. Ákærði skilgreinir sig sem fagfjórðingur. Telur dómurinn sannað að honum hafi verið kunnar fjármálahreyfingar og viðskipti sem áttu sér stað í tengslum við félagið, allt frá því í júní 2007, þegar fyrstu viðskipti með hlutabréf í Exista hf. áttu sér stað. Breytir tölvupóstur og framburður fyrrum framkvæmdastjóra útlána hjá Kaupþingi banka hf. þessu í engu, en framkvæmdastjórinn hefur ekki aðra grein getað gert fyrir skoðun sinni á því að ákærði Skúli hafi ekki átt félagið en þá að væntanlega hafi ákærði Magnús tjáð sér það.

Samkvæmt ársskýrslu Kaupþings banka hf. fyrir árið 2007 varði bankinn sig á ýmsan hátt gegn útlánaáhættu sem tengdist afleiðum. Þar kemur meðal annars fram að markaðsáhættu vegna undirliggjandi breytu hafi verið stýrt af bankanum. Fyrrum framkvæmdastjóri fjárstýringar Kaupþings banka hf. á Íslandi bar að halda

hafi þurft utan um alla valréttarsamninga í bankanum í þeim tilgangi að verja þá. Að því er varðaði framvirka samninga hafi staða þeirra þurft að koma fram í gjaldeyrisjöfnuði fjárstýringar. Hafi bankinn almennt varið áhættu af slíkum viðskiptum. Svo sem fyrr greinir fannst ekki í bókhaldi eða tölvukerfum Kaupþings banka hf., við rannsókn á bókhaldi og kerfum hans, söluréttarsamningur um sölu á hlutabréfum í Kaupþingi banka hf., sem ákærðu Hreiðar Már og Magnús staðhæfa að gerður hafi verið og sé ástæða millifærslu 3.016.750.000 króna 19. desember 2007. Ekki fannst heldur gjaldmiðlaskiptasamningur, sem ákærðu staðhæfa að legið hafi til grundvallar millifærslu 3.080.250.000 króna 30. júní 2008.

Hvað sem líður þeirri skýringu ákærðu, Hreiðars Más og Magnúsar, að kaup Marple Holding S.A. SPF á hlutabréfum í Exista hf. á árinu 2007 megi upphaflega rekja til slita á krosseignarhaldi á milli Kaupþings banka hf. og Exista hf. verður ekki fram hjá því litið að þegar á árinu 2007 voru blikur á lofti á fjármálamörkuðum vegna skorts á aðgengi banka að lánsfjármagni. Svo sem fram hefur komið í málum er tengjast hinu íslenska efnahagshruni og rekin hafa verið fyrir íslenskum dómstólum leiddi þessi skortur meðal annars til þess að íslensku bankarnir opnuðu útibú í Evrópu í því skyni að koma höndum yfir innlánsfé og bregðast með því við skorti á lausafjárinnstreymi. Kreppa á fjármálamörkuðum var yfirvofandi. Stjórnendum Kaupþings banka hf., sem og stærsta eiganda bankans Exista hf., mátti því vera ljóst sumarið 2007 að líkur væru á því að hlutabréf í Exista hf. myndu lækka á komandi mánuðum, svo sem síðar varð raunin.

Kaupþing banki hf. var ekki skráður eigandi að félaginu Marple Holding S.A. SPF er millifærslur samkvæmt ákæru fóru fram og ekki innan samstæðuuppgjör bankans. Því var um óskyldan lögaðila að ræða. Ákærðu, Hreiðar Már og Magnús, leituðust ekki við að koma málum þannig fyrir að Kaupþing banki hf. ætti endurkröfu á félagið Marple Holding S.A. SPF vegna þessara millifærslna, svo sem verið hefði ef um venjubundin lánsviðskipti hefði verið að ræða. Ef framburðir ákærðu eru teknir trúanlegir um gerð söluréttarsamnings og gjaldmiðlaskiptasamnings lá fyrir á þeim tíma sem til þessara gerninga var stofnað, að umtalsverður fjárhagslegur ávinningur yrði af gerningunum fyrir Marple Holding S.A. SPF. Hefur ákærði Hreiðar Már að sínu leyti viðurkennt þetta í þeim framburði sínum að markmiðið með millifærslunum hafi verið að lækka skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf., en þar er verið að vísa til skuldar á fjárvörslureikningi félagsins í Kaupthing Luxembourg S.A. Sú staðreynd að ætlaður söluréttarsamningur frá í október 2007 og ætlaðir gjaldmiðlaskiptasamningar frá 23. maí 2008 voru ekki í bókum Kaupþings banka hf., sem hefði leitt til þess að aldrei hefði verið unnt að verja þá, skýtur ennfremur stoðum undir að ekki hafi verið um lögmæta fjármálagerninga að ræða. Framburður

ákærða Hreiðars Más, sem að hluta er studdur framburðum vitna, um að mjög margir mikilvægir samningar er hann hafi gert fyrir hönd bankans hafi einungis verið varðveittir skjalllegir á skrifstofu ákærða í Kaupþingi banka hf. og þeir hvergi komið fram annars staðar í bankanum er einkar ótrúverðugur. Var hér um gríðarlega fjárhæðir að ræða í samningum bankans, sem ekki einu sinni voru varðveittir sem hluti af skjalasafni bankans. Er það niðurstaða dómsins að fjármunayfirfærslurnar, samkvæmt I. og II. kafla ákæru, hafi því verið í formi gjafagerninga er til þeirra var stofnað, þær röskuðu fjárskiptagrundvellingum og voru ekki liður í lögmætum viðskiptum.

Ákærði Hreiðar Már tók ákvörðun um að láta millifæra ríflega 6 milljarða króna, samkvæmt I. og II. kafla ákæru, út af reikningum Kaupþings banka hf. inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. á þeirri forsendu að fjárhæðin yrði síðan millifærð þaðan áfram inn á reikning Marple Holding S.A. SPF. Ákærði gaf ákærðu Guðnýju Örnú nauðsynleg fyrirmæli til að millifærslan yrði framkvæmd. Með þessari ólögmætu háttsemi sinni dró ákærði Hreiðar Már félaginu Marple Holding S.A. SPF þessa fjármuni, sem hann hafði í vörslum sínum sem forstjóri Kaupþings banka hf. Hefur hann með þessari háttsemi gerst sekur um brot gegn 247. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði Magnús veitti ákærða Hreiðari Má liðsinni til verksins. Fólst þátttaka hans í brotinu í því að leggja á ráðin með ákærða Hreiðari Má um viðskiptin og gefa undirmönnum sínum nauðsynleg fyrirmæli til að fjármunayfirfærslunum yrði við komið. Verður ákærði Magnús sakfelldur fyrir hlutdeild í fjárdráttarbroti ákærða Hreiðars Más samkvæmt I. og II. köflum ákæru.

Ákærði Hreiðar Már tók ákvörðun um að láta Kaupþing banka hf. kaupa skuldabréf, samkvæmt III. kafla ákæru, af Marple Holding S.A. SPF á nafnverði, þegar markaðsverð bréfanna var langtum lægra en nafnverðið. Hafði Marple Holding S.A. SPF keypt skuldabréfin skömmu áður á markaðsverði af Kaupthing Luxembourg S.A. Á grundvelli þessara viðskipta sat eftir um 2ja milljarða króna hagnaður inni hjá Marple Holding S.A. SPF. Ákærða Hreiðari Má var kunnugt um verð sem Marple Holding S.A. SPF hafði keypt bréfin á af Kaupthing Luxembourg S.A. Ákærði Hreiðar Már lýsti því að kaupin hafi verið liður í að rétta af stöðu Marple Holding S.A. SPF gagnvart Kaupþingi banka hf. Engar lögmætar viðskiptalegar forsendur gátu legið að baki slíkum viðskiptum þar sem Kaupþing banki hf. átti þess ekki kost að endurheimta fjármunina síðar, svo sem verið hefði ef um venjubundin lánsviðskipti hefði verið að ræða. Með því að kaupa bréfin á nafnverði sat eftir óréttmætur hagnaður inni í félaginu Marple Holding S.A. SPF á kostnað Kaupþings banka hf. Fór ákærði Hreiðar Már með þessu út fyrir umboð sitt til viðskipta fyrir hönd Kaupþings banka hf. Verður hann því sakfelldur samkvæmt III. kafla ákæru fyrir brot gegn 249. gr. laga nr. 19/1940. Ákærði Magnús veitti

ákærða Hreiðari Má sem fyrir liðsinni við verkið með því að leggja á ráðin um viðskiptin og koma því til leiðar að úr þeim gæti orðið. Verður hann því sakfelldur fyrir hlutdeild í umboðssvikum ákærða Hreiðars Má.

Ákærða Guðný Arna hefur fullyrt að hún hafi gefið undirmönnum sínum innan Kaupþings banka hf. fyrirmæli um millifærslur fjármuna, samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru, eftir að hafa áður fengið fyrirmæli þar að lútandi frá ákærða Hreiðari Má. Hafi hún talið lögmæta viðskiptagerninga búa að baki og talið sig sjá þá. Hún hafi ekki verið meðvituð um að fjármuninum yrði síðar ráðstafað inn á reikning Marple Holding S.A. SPF hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Ákærði Hreiðar Már hefur staðfest þennan framburð ákærðu Guðnýjar Örnú og lýst því að hún hafi ekki verið upplýst um að fjármunir samkvæmt ákæru myndu renna inn á reikning Marple Holding S.A. SPF hjá Kaupthing Luxembourg S.A. Bar ákærði að ákærða hafi verið að fylgja fyrirmælum ákærða Hreiðars Má um millifærslurnar. Gögn málsins eða framburðir ákærðu eða vitna leiða ekki í ljós, svo vafalaust sé, vitneskju ákærðu Guðnýjar Örnú um kaup Marple Holding S.A. SPF á hlutabréfum í Exista hf., eða að hún hafi þekkt til þess að millifærslunum væri ætlað að lækka skuld Marple Holding S.A. SPF við Kaupþing banka hf. Þegar það er virt er að mati dómsins ekki komin fram lögfull sönnun um brot ákærðu gegn 247. gr. eða 249. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærða því sýknuð af öllum sakarefnum í málinu.

Sannað er að ákærði Skúli var raunverulegur eigandi Marple Holding S.A. SPF þegar fjármunir, samkvæmt I., II. og III. kafla ákæru, voru millifærðir inn á reikning félagsins. Marple Holding S.A. SPF var meðal þeirra félaga ákærða sem voru í viðskiptum við Kaupthing Luxembourg S.A. Með hliðsjón af því sem áður var rakið um aðdraganda að stofnun félagsins Marple Holding S.A. SPF og kaup félagsins á hlutabréfum í Exista hf. er að mati dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi í upphafi viðskipta verið með í ráðum þegar kaup félagsins á nefndum hlutabréfum voru ákveðin. Ákærði er og var á þessum tíma fagfjárfestir. Gátu honum á engan hátt dulist hreyfingar fjármuna sem áttu sér stað inni á reikningi félagsins í Kaupthing Luxembourg S.A. SPF, allt frá því í júní 2007, þegar fyrstu viðskipti með hlutabréf í Exista hf. áttu sér stað.

Eins og áður var rakið innti félagið Marple Holding S.A. SPF af hendi 5,5 milljarða króna greiðslu fyrir hlutabréf í Exista hf., 18. júlí 2007, til Eignarhaldsfélagsins Hesteyrar ehf. og 5,9 milljarða króna greiðslu fyrir hlutabréf í Exista hf., 21. desember 2007, til eignarhaldsfélagsins. Ekki verður séð að ákærði hafi ritað undir lánskjööl gagnvart Kaupthing Luxembourg S.A. varðandi þessar útgreiðslur. Gögn málsins eða framburðir ákærðu eða vitna leiða hins vegar ekki í ljós að ákærði hafi þekkt einstök atriði varðandi millifærslur fjármuna frá Kaupþingi banka hf. inn á reikning Kaupthing Luxembourg S.A. og þaðan áfram

inn á reikning Marple Holding S.A. SPF eða á hvaða grundvelli það hafi verið gert. Hefur ákærði Magnús lýst því að hann hafi alfarið tekið ákvörðun um viðskiptin fyrir hönd Marple Holding S.A. SPF. Vafi leikur þannig á að hvaða marki ákærði hafi haft vitneskju um að ólögmet viðskipti eða samningar hafi legið að baki millifærslunum. Þar sem sök hans telst ekki sönnuð að því leyti verður hann sýknaður af hylmingu samkvæmt 254. gr. laga nr. 19/1940. Þá er vafa undirorpið að hvaða marki ákærða var ljóst að hann væri að geyma ávinning af auðgunarbrotum meðákærðu. Dómurinn telur hins vegar fram komið að ákærði hafi látið sér þessi atriði í réttu rúmi liggja. Hafi honum, sem eiganda Marple Holding S.A. SPF og í ljósi þeirra fjárhæða sem um ræddi, borið að krefja meðákærðu upplýsinga um forsendur að baki millifærslunum. Verður háttsemi ákærða metin honum til gáleysis og felld undir 4. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði Skúli krefst einnig sýknu á þeim grundvelli að brot hans sé fyrnt. Sé brot framið samkvæmt 4. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940 varðar það sektum eða fangelsi allt að 6 mánuðum. Sök samkvæmt ákvæðinu fyrnist á tveim árum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 81. gr. laga nr. 19/1940. Brot ákærða Skúla fólst í því að taka við og geyma ólögmetan hagnað inni á reikningi Marple Holding S.A. SPF. Samkvæmt 1. mgr. 82. gr. laga nr. 19/1940 telst fyrningarfrestur frá þeim degi, er refsiverðum verknaði eða refsiverðu athafnaleysi lauk. Ákærði hefur hér að framan verið sakfelldur fyrir refsivert athafnaleysi. Fjármunir þeir er um ræðir, eða samsvara til þeirrar fjárhæðar, voru varðveittir inni á reikningi félagsins Marple Holding S.A. er rannsókn þessa máls fór af stað, sbr. 4. mgr. 82. gr. laganna. Voru þeir síðar kyrrsettir inni á reikningi félagsins, þar sem þeir eru nú. Með hliðsjón af þessu var refsing ákærða Skúla ekki fyrnd er fyrningarfrestur var rofinn með skýrslutöku af ákærða hjá lögreglu sem sakborningi.

Ákærði Hreiðar Már er fæddur í nóvember 1970, ákærði Magnús í apríl 1970 og ákærði Skúli í mars 1941. Ákærði Hreiðar Már var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2013, sem staðfestur var hvað refsingu ákærða varðar í Hæstarétti 12. febrúar 2015, dæmdur í 5 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir umboðssvik og brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti. Með dómi Hæstaréttar 6. október 2016 var ákærði dæmdur í 6 mánaða fangelsi fyrir umboðssvik og brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti, en áfrýjað var dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26. júní 2015. Um hegningarauka var að ræða við fyrri dóm. Ákærði Magnús var með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 12. desember 2013, sem staðfestur var hvað refsingu ákærða varðar í Hæstarétti 12. febrúar 2015, dæmdur í 4 ára og 6 mánaða fangelsi fyrir umboðssvik og brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti. Með dómi Hæstaréttar 6. október 2016 var ákærða ekki gerð sérstök refsing fyrir umboðssvik og brot gegn lögum um verðbréfavíðskipti, en áfrýjað var dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26.

júní 2015. Ákærði Skúli hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi, svo kunnugt sé.

Við ákvörðun refsingar verður að líta til þess að fjárdráttarbrot, samkvæmt I. og II. kafla ákæru, snérust um gífurlegar fjárhæðir. Sama á við um umboðssvik samkvæmt III. kafla ákæru. Fól háttsemi ákærðu, samkvæmt þessum köflum ákæru, í sér alvarlegt trúnaðarbrot gagnvart stóru almenningshlutafélagi og leiddi til stórfellds fjártjóns. Ákærðu eiga sér engar málsbætur. Brot gegn 247. gr. og 249. gr. laga nr. 19/1940 varðar allt að 6 ára fangelsi. Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 varðar hlutdeild í broti gegn lögnum sömu refsingu og við brotinu er lögð. Brot gegn 4. mgr. 264. gr. laga nr. 19/1940, varðar allt að 6 mánaða fangelsi.

Samkvæmt 2. mgr. 77. gr. laga nr. 19/1940 skal að jafnaði tiltaka refsingu innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem við brotunum liggur, og eigi þau ekki öll undir sama hegningarákvæði, þá innan takmarka þess hegningarákvæðis, sem þyngsta hegningu setur. Þó má eftir málavöxtum þyngja refsingu svo, að bætt sé við hana allt að helmingi hennar. Heimild 2. mgr. 77. gr. eru engar aðrar skorður settar en því að henni má beita eftir málavöxtum. Verður að ætla að helst reyni á ákvæðið þegar refsiakvörðun er hátt innan refsimark. Ákærða Hreiðari Má var gert að sæta fangelsi í 5 ár og 6 mánuði í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti á árinu 2015. Ákærði var sakfelldur fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun. Refsihámark fyrir umboðssvik er 6 ára fangelsi. Þannig höfðu dómstólar þegar í fyrsta sakamáli sem höfðað var gegn ákærða nær fullnýtt refsimörk umboðssvikaákvæðis laga nr. 19/1940. Voru brot ákærða talin alvarleg. Var þeim lýst þannig í dómi Hæstaréttar að umboðssvikin snérust um gífurlegar fjárhæðir, alvarlegri en nokkur dæmi yrðu fundin um í íslenskri dómaframkvæmd varðandi efnahagsbrot, þaulskipulögð, drýgð af einbeittum ásetningi og eindæma ófyrirleitni og skeytingarleysi. Um væri að ræða samverknaði og beindust að mikilvægum hagsmunum. Þegar ákærði var næst sakfelldur í héraðsdómi 2015, með staðfestingu í Hæstarétti á árinu 2016, var ákærði á ný sakfelldur fyrir umboðssvik og markaðsmisnotkun. Var í því tilviki einnig um mjög alvarleg brot að ræða. Var þeim þá lýst þannig í dómi Hæstaréttar að þau væru umfangsmikil, þaulskipulögð og drýgð í samverknaði og af einbeittum ásetningi. Beindust þau í senn að öllum almenningshlutafélögum hér á landi í heild og yrði tjónið sem leiddi af þeim beint og óbeint ekki metið til fjár. Voru brotin talin með þeim alvarlegustu sem dæmi væru um í íslenskri dómaframkvæmd varðandi efnahagsbrot.

Ákærði Hreiðar Már er nú á ný sakfelldur og í þetta skipti fyrir fjárdrátt og umboðssvik. Er sem fyrr um að ræða alvarleg trúnaðarbrot sem leiddu til stórfellds fjártjóns almenningshlutafélags. Refsihámark fjárdráttar er hið sama og umboðssvika, eða 6 ára fangelsi. Ákærði hefur í málum sínum verið sakfelldur fyrir

ýmiskonar efnahagsbrot. Að því gættu, og með hliðsjón af þeim refsíákvörðunarástæðum er áður var lýst úr fyrri dómum, þykir rétt að refsing ákærða verði þyngd umfram hin almennu refsimörk. Með hliðsjón af þessu og ákvæða um hegningarauka, er refsing ákærða Hreiðars Mús ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Ákærði Magnús sæti fangelsi í 18 mánuði og ákærði Skúli í 6 mánuði.

VII

Upptaka

Í ákæru er þess krafist, með vísan til 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 3. tl. 1. mgr. 69. gr. þágildandi upptökuákvæða sömu laga, að ákærða Skúla og félaginu Marple Holding S.A. SPF, verði gert að sæta upptöku á tilgreindum innstæðum og eignasöfnum á reikningum í bönkunum Banque Havilland S.A. og Credit Suisse Luxembourg S.A. í Lúxemborg.

Ákærði Skúli krefst þess að kröfum um upptöku verði hafnað. Félagið Marple Holding S.A. SPF krefst þess að upptökukröfu verði hafnað.

Krafa ákærða Skúla um frávísun málsins varðandi upptöku byggir á því að refsilögsaga íslenska ríkisins nái ekki til ákærða. Að því er þessar varnir ákærða varðar er til þess að líta að ákæra miðar við að frumbrot samkvæmt ákæru hafi verið framið hér á landi. Afleiðingar brotanna hafi komið fram í Lúxemborg með því að félagið Marple Holding S.A. SPF hafi auðgast með óréttmætum hætti vegna hinnar saknæmu háttsemi ákærðu. Hinn óréttmæti ávinningur hafi runnið inn til annarra félaga ákærða Skúla samkvæmt ákæru. Með hliðsjón af 1. tl. 4. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 19/1940, sbr. og 2. tl. 1. mgr. 5. gr. laganna nær íslensk refsilögsaga til krafna um upptöku í málinu. Það fer síðan eftir ákvæðum laga í Lúxemborg hvert gildi úrlausna íslenskra dómstóla er þar í landi sem mæla fyrir um upptöku fjármuna í Lúxemborg. Verður kröfum á hendur ákærða Skúla ekki vísað frá dómi á þessum grundvelli.

Eftir þágildandi 3. tl. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940, sem krafa um upptöku fer eftir, má gera upptækt með dómi muni eða ávinning, sem aflað hefur verið með broti og enginn á löglegt tilkall til, eða fjárhæð sem svarar til slíks ávinnings. Ef ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er dómara heimilt að áætla fjárhæðina. Að framan hefur því verið slegið föstu að félagið Marple Holding S.A. SPF hafi auðgast við hinar ólögsmætu millifærslur fjármuna frá Kaupþingi banka hf. Við kyrrsetningu fjármuna í félaginu undir rannsókn málsins náði kyrrsetningin til verðbréfa, fjárfestingarsjóðs og innstæða á hlaupareikningi í Banque Havilland S.A. samtals að fjárhæð 6.763.253 evrur.

Af hálfu Marple Holding S.A. SPF er sem fyrr greinir krafist að upptökukröfu gagnvart félaginu verði hafnað. Félagið Marple Holdingt S.A. SPF sé

í slitameðferð í Lúxemborg og Kaupþing banki hf. eini kröfuhafi félagsins. Starfi skiptastjóri í umboði kröfuhafa félagsins. Undir þessa kröfu og röksemdir tekur bótakrefjandi í málinu.

Upptaka eigna á grundvelli VII. kafla laga nr. 19/1940 er eitt form refsikenndra viðurlaga, sem handhafar opinbers valds fara með að lögum. Það sem gert er upptækt er eign ríkissjóðs nema annað sé tekið fram í lögum. Hafi einhver beðið tjón við brot má í dómi ákveða að nýta andvirði upptækra verðmæta til greiðslu á skaðabótakröfu viðkomandi. Er hér um heimildarákvæði að ræða. Verður bótakrefjandi í því tilviki að gera kröfu um greiðslu hins upptæka til sín eftir ákvæðum e. liðar 69. gr. laga nr. 19/1940 eftir að dómstóll hefur gert fjármuni upptæka. Standa lög því ekki til þess að verða við kröfu Marple Holding S.A. SPF og bótakrefjanda um að hafnað verði upptökukröfu í málinu.

Á grundvelli þágildandi 3. tl. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 19/1940, sem heimilar jafnvirðisupptöku, og í ljósi þess er hér að framan er rakið, verða allir fjármunir og aðrar eignir inni á reikningi nr. 400637 gerðir upptækir til ríkissjóðs.

Á sama tíma og fjármunir Marple Holding S.A. SPF voru kyrrsettir í ofangreindum banka voru jafnframt kyrrsettar eignir ákærða Skúla í Credit Suisse Luxembourg S.A. í Lúxemborg. Með lögum nr. 149/2009, um breyting á lögum nr. 19/1940, var ákvæðum VII. kafla laganna breytt umtalsvert, í þeim tilgangi að rýmka gildissvið ákvæða um eignaupptöku og gera ákvæðin skýrari til að unnt væri að bregðast betur við skipulagðri brotastarfsemi. Var í þessu skyni lögfestur nýr kafli, VII. A, um upptöku. Var að því stefnt eftir lagabreytinguna að unnt yrði að bregðast við því ef ávinningi brots hefði verið breytt eða skipt í aðrar eignir eða ef ávinningi brots hefði verið blandað saman við aðrar eignir að hluta eða öllu leyti, sem aflað hefði verið með lögmætum hætti. Eins var ætlunin að bregðast við því ef eignum hefði verið skotið undan og verið færðar til annarra einstaklinga eða lögaðila, en ákvæði eldri laga þóttu ekki geta náð til slíkra aðstæðna.

Í október 2008 runnu fjármunir út af reikningi Marple Holding S.A. SPF inn á reikning félagsins BM Trust S.A. SPF. og blandaðist um leið inn í aðrar eignir félaga í eigu ákærða Skúla. Að mati dómsins, og þá sérstaklega í ljósi þeirra lagabreytinga er áttu sér stað með gildistöku laga nr. 149/2009, þykir þágildandi ákvæði 3. tl. 69. gr. laga nr. 19/1940 ekki fullnægjandi lagaheimild til upptöku fjármuna úr fórum ákærða Skúla. Verður því hafnað kröfu ákæruvaldsins um upptöku fjármuna gagnvart ákærða Skúla.

VIII

Skadabætur

Af hálfu kröfuhafans Kaupþings hf. er þess krafist að ákærðu verði dæmd til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar. Aðallega er þess krafist að ákærðu Hreiðar Már, Magnús, Guðný Arna og Skúli verði dæmd til að greiða Kaupþingi hf. óskipt 6.097.000.000 krónur, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum, og óskipt 15.648.350,78 evrur og 3.563.747,55 Bandaríkjadali, ásamt vöxtum og dráttarvöxtum. Til vara er krafist greiðslu skaðabóta að álitum. Til þrautavara er krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu ákærðu. Þá er gerð sú krafa að nýtt verði heimild í 69. gr. e laga nr. 19/1940 til að ákveða í dómi að verðmæti sem gerð eru upptæk og andvirði þeirra skuli nýtt til greiðslu á skaðabótakröfum Kaupþings hf. að því marki sem þau hrökkva til greiðslu krafanna og jafnframt að Kaupþing hf. skuli í því skyni eiga forgang til upptækra verðmæta og andvirðis þeirra. Kaupþing hf. byggir skaðabótakröfu sína á hinni almennu skaðabótareglu, sakarreglunni, vegna þess tjóns sem ákærðu hafi valdið bankanum með þeirri saknæmu háttsemi sem ákært er fyrir í málinu.

Ákærðu krefjast þess aðallega að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi. Til vara krefjast þau sýknu af skaðabótakröfu, en til þrautavara að hún verði lækkuð. Þá krefjast ákærðu málskostnaðar. Ákærðu byggja á því að skaðabótakrafan sé vanreifuð og ósönnuð. Ekki hafi verið gerð tilraun til að sýna fram á fjártjón og þá hveðrar fjárhæðar slíkt fjártjón sé. Í 134. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag sé að finna sérreglu um skaðabótaábyrgð stjórnenda hlutafélags. Samkvæmt ákvæðinu sé stjórnendum skylt að bæta hlutafélagi það tjón sem þeir hafi valdið í störfum sínum. Ákvörðun um það skuli tekin á hluthafafundi. Mál þurfi að höfða á hendur stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum innan tveggja ára frá lokum þess reikningsárs sem ákvörðun eða athöfn sem málið varði hafi verið tekin. Regla 134. gr. sé sérregla sem ekki verði beitt samhliða sakarreglunni. Frestur til málshöfðunar hafi runnið út áður en skaðabótakrafa hafi legið fyrir í málinu af hálfu Kaupþings hf. Hvað sem þessu líði fyrnist skaðabótakröfur á 4 árum frá því Kaupþing hf. hafi fengið nauðsynlegar upplýsingar um tjónið. Félagið hafi búið yfir nauðsynlegum gögnum og upplýsingum við stofndag ætlaðrar kröfu. Krafan sé fyrnd. Þá sé sýknukrafa byggð á meginreglum um tómlæti. Engum athugasemdum hafi verið hreyft vegna viðskiptanna fyrr en 5 til 6 árum eftir þau.

Varakrafa sé um lækkun. Í 3. mgr. 134. gr. laga nr. 2/1995 sé kveðið á um heimild til að lækka skaðabótakröfur. Þá sé vísað til 24. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 um hina almennu reglu um lækkun skaðabótakröfu eða niðurfall skaðabótaábyrgðar. Reglur þessar eigi við í málinu. Þá hafi Kaupþingi hf. borið að takmarka tjón sitt. Svokölluð stjórnendaábyrgð hafi verið í gildi í Kaupþingi banka hf. Ekki hafi verið látið reyna á hana gagnvart váttryggjendum. Ákærði Hreiðar Már krefst þess einnig að frá skaðabótum verði dreginn réttur ákærða til launa í

uppsagnarfresti samkvæmt ráðningarsamningi.

Ákærða Guðný Arna hefur hér í dómi verið sýknuð af refsikröfu ákærvaldsins. Verður skaðabótakröfu á hendur henni vísað frá dómi á grundvelli 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008. Málskostnaður fellur niður, en ekki verður séð af reikningsgerð verjanda að ákærða hafi haft sérstakan kostnað af þessum þætti málsins.

Skaðabótakrafa Kaupþings hf. nýtur þess réttarfarshagræðis að vera rekin samhliða refsímáli á hendur ákærðu, sbr. 1. mgr. 172. gr. laga nr. 88/2008, sbr. 5. mgr. 173. gr. laganna. Sá sem neytir heimildar samkvæmt 1. mgr. 172. gr. laganna verður ekki aðili að sakamáli nema að því leyti einu sem varðar kröfu hans, sbr. 3. mgr. 172. gr. laganna. Gagnaöflun og flutningur um skaðabótakröfu kröfuhafans Kaupþings hf. verður, eðli máls samkvæmt, takmarkaðri en ef krafan hefði verið höfð uppi í almennu einkamáli á hendur ákærðu, þar sem krafan má ekki tefja framgang refsímálsins. Ákærðu hafa uppi varnir gegn skaðabótakröfunni byggðar á sérreglum laga nr. 2/1995, reglum um fyrningu og tómlæti og lækkunarheimildum laga nr. 2/2995 og laga nr. 50/1993. Skaðabótakrafan er ekki reifuð þannig hér fyrir dóminum af hálfu kröfuhafa við aðalmeðferð málsins, að teknu tilliti til þeirra mótbára er ákærðu hafa uppi, að unnt sé að dæma ákærðu til greiðslu skaðabóta, hvorki þannig sem krafist er, né að álitum. Hefði skaðabótakröfunni því verið vísað frá dómi ef ekki hefði verið fyrir þær sakir að Kaupþing hf. hefur uppi þrautavarakröfu um viðurkenningu skaðabótaskyldu.

Ákærðu Hreiðar Már, Magnús og Skúli, hafa hér að framan verið sakfelldir fyrir refsiverða háttsemi gagnvart Kaupþingi banka hf. Því er slegið föstu að með þessari ólögumætu háttsemi sinni hafi ákærðu bakað Kaupþingi hf. eitthvert fjártjón, sem þeim ber að bæta eftir reglum skaðabótaréttar. Þar sem þannig háttar til verður ekki hjá því komist að taka til greina þrautavarakröfu Kaupþings hf. og viðurkenna skaðabótaskyldu ákærðu Hreiðars Mús, Magnúsar og Skúla gagnvart bankanum. Rétt þykir að hver aðili beri sinn kostnað af þessum þætti málsins.

IX

Sakarkostnaður

Ekki hefur annan sakarkostnað leitt af máli þessu en kostnað við vörn ákærðu. Við fyrri meðferð þessa máls voru ákærðu dæmd, utan ákærða Guðný Arna, til að greiða málsvarnarlaun verjanda sinna. Við ómerkingu kvað Hæstiréttur einvörðungu á um greiðslu áfrýjunarkostnaðar. Málskostnaður verður ákvarðaður með þeim hætti að ákærðu, sem sakfelldir eru, greiði málsvarnarlaun skipaðra verjanda sinna af fyrri meðferð málsins, en úr ríkissjóði greiðast málsvarnarlaun verjendanna við hina endurteknu málsmeðferð. Í tilviki ákærðu Guðnýjar Örnú

greiðast úr ríkissjóði málsvarnarlaun verjanda ákærðu af fyrri og endurtekinni meðferð málsins, sem í heildina eru ákvörðuð sem í dómsorði greinir. Við ákvörðun málsvarnarlauna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarnir Símon Sigvaldason og Kristrún Kristinsdóttir og Jón Hreinsson viðskiptafræðingur.

D ó m s o r ð :

Ákærði Hreiðar Már Sigurðsson sæti fangelsi í 12 mánuði.

Ákærði Magnús Guðmundsson sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði Skúli Þorvaldsson sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærða Guðný Arna Sveinsdóttir er sýkn af kröfum ákæruvalds.

Upptækt er gert til ríkissjóðs öll verðbréf, allur fjárfestingarsjóður og öll innstæða á hlaupareikningi nr. 400637, sem við útgáfu ákæru í málinu nam samtals 6.763.253 evrum, sem yfirvöld í Lúxemborg lögðu hald á undir rannsókn málsins inni á reikningi Marple Holding S.A. SPF í Banque Havilland S.A í Lúxemborg.

Hafnað er kröfu ákæruvalds um upptöku eigna ákærða Skúla sem yfirvöld í Lúxemborg lögðu hald á undir rannsókn málsins inni á reikningum í Credit Suisse Luxembourg S.A. í Lúxemborg.

Vísað er frá dómi skaðabótakröfu Kaupþings hf. á hendur ákærðu Guðnýju Örnú. Málskostnaður fellur niður.

Viðurkennd er skaðabótaskylda ákærðu Hreiðars Má, Magnúsar og Skúla gagnvart Kaupþingi hf. á grundvelli háttsemi sem sakfelld er fyrir í máli þessu. Málskostnaður fellur niður.

Ákærði Hreiðar Már greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Harðar Felix Harðarsonar hæstaréttarlögmanns, 21.871.740 krónur og útlagðan kostnað verjandans að fjárhæð 1.728.932 krónur. Úr ríkissjóði greiðast til viðbótar málsvarnarlaun verjandans að fjárhæð 6.408.320 krónur.

Ákærði Magnús greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Kristínar Edwald hæstaréttarlögmanns, 11.682.660 krónur. Úr ríkissjóði greiðast til viðbótar málsvarnarlaun verjandans að fjárhæð 5.170.040 krónur.

Ákærði Skúli greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Halldórs Þ. Birgissonar hæstaréttarlögmanns, 16.613.520 krónur og útlagðan kostnað verjandans að fjárhæð 865.549 krónur, og málsvarnarlaun tilnefnds verjanda á rannsóknarstigi, Garðars G. Gíslasonar hæstaréttarlögmanns, 7.754.340 krónur. Úr ríkissjóði greiðast til viðbótar málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða 5.059.200 krónur.

Úr ríkissjóði greiðast málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu Guðnýjar Örnú, Sigurðar G. Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 23.983.460 krónur.

Marple Holding S.A. SPF greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gríms Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 1.861.860 krónur. Úr ríkissjóði greiðast til viðbótar málsvarnarlaun verjandans 969.680 krónur.

Símon Sigvaldason,

Kristrún Kristinsdóttir,

Jón Hreinsson.